

Mánudagurinn 26. október 1998 kl. 10:00

116. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 36/1998

**Kvörtun Afurðasölunnar í Borgarnesi hf. yfir óréttmætum
viðskiptaháttum við paté-framleiðslu Kjötumboðsins hf.**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun barst erindi, dags. 8. október 1997, frá Kristni Hallgrímssyni hrl., sem fyrir hönd Afurðasölunnar í Borgarnesi hf. kvartar yfir óréttmætum viðskiptaháttum Kjötumboðsins hf., Hólmgríms Rósenbergssonar og Harðar Reynissonar.

Í erindinu kemur fram að Afurðasalan í Borgarnesi keypti á árinu 1996 kjötdeild Íslensks-fransks hf. Í kaupsamningi kemur fram að allar uppskriftir og innihaldslýsingar á afurðum kjötdeildarinnar, vörumerki, firmaheiti og fleira sem tilheyri hönnun og umbúðum fylgi með í kaupunum. Í kaupsamningnum kemur einnig fram að: *„Seljandi og þeir eigendur sem jafnframt eru stjórnendur hjá honum skuldbinda sig til þess að hefja ekki framleiðslu á vörum úr kjöti sambærilegum þeim sem hann framleiðir nú, í minnst fimm ár frá dagsetningu kaupsamnings þessa.“*

Nafni fiskdeildar Íslensks-fransks var breytt í Íslenskt-franskt eldhús hf. og starfsemin flutt til Akraness. Hólmgrímur og Hörður voru starfsmenn Íslensks-fransks sem seinna réðu sig til Kjötumboðsins.

Í erindinu krefst Afurðasalan í Borgarnesi þess að Herði og Hólmgrími *„verði bannað að veita upplýsingar um og/eða hagnýta sér atvinnuleyndarmál, m.a. uppskriftir og starfsreynslu, sem þeim var trúað fyrir og/eða áunnu sér sem starfsmenn Íslensks-fransks hf. ...til framleiðslu á kjötpaté.“*

Þá krefst Afurðasalan þess að: *„Kjötumboðinu hf. verði bannað að hagnýta sér atvinnuleyndarmál, m.a. uppskriftir, til framleiðslu á kjötpaté, sem það hefur*

komist yfir með ótilhlýðilegum hætti hjá starfsmönnum sínum, Herði Reynissyni og Hólmgrími Rósenbergssyni, sem áður störfuðu fyrir Íslenskt-franskt hf.“

Síðan segir að í umbeðnu banni skuli m.a. felast „að Kjötumboðinu hf. verði óheimilt að framleiða og selja kjötpaté sem það hefur kynnt á undanförunum vikum, s.s. franskt-paté, parísar-paté, ísl. fjallagrasa-paté og skógar-paté og önnur paté er byggja á atvinnuleyndarmálum frá Íslensku-frönsku hf., sem Afurðasalan í Borgarnesi hf. er nú eigandi að. Jafnframt verði Kjötumboðinu hf. bannað að nota umbúðir og nöfn á paté sín sem eru til þess fallin að kaupendur/neytendur villist á framleiðsluvörum Afurðasögunnar í Borgarnesi hf. og Kjötumboðsins hf.“

Jafnframt krefst Afurðasalan í Borgarnesi þess að samkeppnisráð ákvarði dagsektir á Kjötumboðið þar til það hætti framleiðslu og sölu á framangreindum kjötafurðum. Í erindinu er rakið að Íslenskt-franskt (ÍF) hafi skapað sér sérstöðu við framleiðslu og sölu á paté vegna sérþekkingar Eric Calmons annars aðaleiganda fyrirtækisins. Hörður og Hólmgrímur hafi verið starfsmenn Íslensks-fransks sem eftir sölu kjötdeildarinnar hafi starfað hjá Íslensku-frönsku eldhúsi (ÍFE). Þar hafi þeir síðan hætt og ráðið sig til helsta keppinautarins, Kjötumboðsins (KU). Kjötumboðið hafi lengi gert tilraunir með paté-framleiðslu en ekki gengið vel fyrr en Hörður og Hólmgrímur hófu þar störf. Þá hafi Kjötumboðið farið að framleiða kjötpaté sem líkist framleiðslu Íslensks-fransks. Þá segir: „*Umbj. minn er ekki trúaður á að tilviljun ráði hér um, heldur telur að þarna hafi framangreindir starfsmenn KU, yfirfært þekkingu og starfsreynslu frá ÍF og ÍFE yfir til núverandi vinnuveitanda síns, KU, með ólögætum hætti.*“

Í erindinu kemur fram að Kjötumboðið hafi í fréttabréfi og tímariti kynnt að patéin væru í umsjón Harðar og Hólmgríms sem hafi öðlast mikla fagþekkingu þegar þeir störfuðu hjá Íslensku-frönsku. Þá kemur fram að Afurðasalan hefur látið Rannsóknarstofnun landbúnaðarins efnagreina paté-tegundir sínar og Kjötumboðsins og af því megi ráða að framleiðslan sé eðlisskyld og óeðlilega lík og niðurstöður rannsóknanna styðji málflutning þeirra. Síðan segir: „*Fyrirsvarsaður umbj. míns hefur ítrekað beint þeirri áskorun til KU um að láta af framangreindri framleiðslu, með vísan til óréttmætra viðskiptahátta, en án árangurs, þannig að honum er nauðsynlegt að leita aðstoðar samkeppnisyfirlvalda til að fá afstýrt þessu augljósa broti á samkeppnislögum.*“

Afurðasalan í Borgarnesi telur að paté-framleiðslan brjóti í bága við a.m.k. fjórar greinar samkeppnislaga og segir að: „Í fyrsta lagi brjóti háttsemi framangreindra aðila skýlaust 27. gr. laganna. Hörður og Hólmgrímur hafi brotið 2. og 3. mgr. greinarinnar með því að veita KU upplýsingar um og hagnýta sér „atvinnuleyndarmál“ umbj. míns, áður Íslensks-fransks, um framleiðslu á kjötpaté. KU brjóti hins vegar gegn 1. og 3. (sic) mgr. greinarinnar með því að afla sér og hagnýta með ótilhlýðilegum hætti framangreind atvinnuleyndarmál umbj. míns.

Í öðru lagi brjóti KU gegn 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga með eftirfarandi hætti: Framangreind háttsemi, auk kynningar og markaðssetningar paté-framleiðslunnar, brjóti í bága við góða viðskiptahætti (20. gr.), KU veiti villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn og framboð framleiðslu umbj. míns (21. gr.), og KU auðkenni framleiðslu sína með þeim hætti að „leitt geti til þess að villst verði“ á henni og annarri framleiðslu „sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti“ (25. gr.).

Umbj. minn telur að hinir kærðu aðilar hafi notfært sér vitneskju sína frá Frönsku-íslensku hf. (sic), sem umbj. minn er nú eigandi að, með ólögðum hætti, til framleiðslu sinnar. Þeim hafi mátt vera ljóst að um „atvinnuleyndarmál“ í skilningi samkeppnislaga hafi verið að ræða, og eins liggi það í hlutarins eðli. Um sé að ræða þekkingu sem sé sérstaklega bundin við þessa framleiðslu. Þrátt fyrir það hafi hinir kærðu aðilar tekið traustataki framangreinda viðskiptahugmynd, hagnýtt sér hana, og ekki farið dult með að þeir byggji á reynslu Íslensks-fransks hf. Erfitt sé að fella rekstrarleyndarmál af þessu tagi undir einkaleyfisrétt, þannig að 27. gr. samkeppnislaga standi nánast ein því til varnar. Þetta atvinnu- og/eða rekstrarleyndarmál hafi verið rofið með óeðlilegum hætti af kærendum.“

Þá segir að umbúðir framleiðslu Kjötumboðsins séu nauðalíkar umbúðum Afurðasölunnar og beri sömu eða lík nöfn. Með erindinu fylgdu ýmis gögn s.s. afrit kaupsamnings Íslensks-fransks og Afurðasölunnar í Borgarnesi.

II. Málsmeðferð

1.

Þann 10. október 1997 sendi Samkeppnisstofnun erindi Afurðasölnunnar í Borgarnesi til umsagnar Kjötumboðsins, Hólmgrími Rósenbergssyni og Herði Reynissyni. Fyrir þeirra hönd barst svar frá Maríu Thejll hdl., dags. 3. nóvember 1997. Í svarinu krefst lögmaðurinn þess að úrskurðað verði að þeir Hólmgrímur og Hörður hafi ekki brotið ákvæði 27. gr. samkeppnislaga og að Kjötumboðið hafi ekki brotið ákvæði 20., 21., 25. og 27. gr. sömu laga. Síðan segir: „*Hólmgrímur Rósenbergsson matargerðarmaður og Hörður Reynisson kjötiðnaðarmaður, störfuðu hjá fyrirtækinu Íslenskt-franskt hf. um árabil, Hörður frá 1987 en Hólmgrímur frá 1991. Í ársbyrjun 1996 varð ljóst að eigendur fyrirtækisins hugðust selja kjötdeild fyrirtækisins og flytja framleiðslu á fiskafurðum til Akraness. Af þessum sökum var Hólmgrími og Herði afhent uppsagnarbréf þann 29. febrúar 1996 og skyldi uppsögnin taka gildi um mánaðarmótin með venjulegum þriggja mánaða uppsagnarfresti. Skyldu þeir því hætta störfum um mánaðarmótin maí/júní.*“

Fram kemur að Herði og Hólmgrími var boðið starf hjá Íslensku-frönsku eldhúsi á Akranesi sem þeir þáðu ekki. Aftur á móti samþykktu þeir að aðstoða við að koma framleiðslu þar af stað. Starfaði Hólmgrímur á Akranesi þar til í lok október og Hörður þar til í lok desember. Leituðu þeir fyrir sér með atvinnu á höfuðborgarsvæðinu og komu að máli við Kjötumboðið. Síðan segir: „*Varð að samkomulagi í septembermánuði 1996 að Hólmgrímur kæmi til starfa hjá Kjötumboðinu hf. þann 1. nóvember 1996 og Hörður þann 1. janúar 1997. Tilkynntu þeir forsvarsmönnum Íslensks-fransks eldhúss hf. um þessa ákvörðun sína jafnskjótt og um það hafði samist. Voru aldrei gerðar nokkrar einustu athugasemdir við það að þeir hygðust hefja störf hjá einum af keppinauti kæranda.*“

Við starfslok hjá Íslensku-frönsku hf. höfðu þeir Hólmgrímur og Hörður að sjálfsögðu ekki með sér neinar uppskriftir né nokkrar aðrar upplýsingar er talist geta verið atvinnuleyndarmál í skilningi 27. gr. samkeppnislaganna. Hið eina er þeir höfðu með sér var almenn þekking og reynsla vegna áralangra starfa á matvælasviðinu en það eru atriði sem aldrei geta flokkast undir það að vera atvinnuleyndarmál.“

Þá segir að það sé ekki rétt að framleiðsla á paté hafi gengið illa hjá Kjötumboðinu áður en Hörður og Hólmgrímur hófu þar störf. T.d. hafi þrjár paté-tegundir verið kynntar fyrir þremur árum og tvær þeirra fengið verðlaun í meistarakeppni kjötiðnaðarmanna. Síðan segir: „Við það að Hörður og Hólmgrímur hófu störf hjá Kjötumboðinu hf. fór af stað sjálfstætt þróunarferli á framleiðslu á kjötpaté, sem tók nokkra mánuði áður en varan kom á markað. Uppskriftir þær sem paté Kjötumboðsins hf. eru unnin eftir eru alfarið búnar til af þeim Herði og Hólmgrími enda tók þróunarferlið u.þ.b. 4–5 mánuði. Uppskriftirnar eru hvorki stolnar né framleiðsluleyndarmál notuð er talist geta fallið undir ákvæði 27. gr. samkeppnislaganna enda hafa ekki á nokkurn hátt verið færð fyrir því rök af hálfu kæranda.“

Þá er rakið að Kjötumboðið hafi við kynningu á patéum einnig kynnt höfunda uppskriftanna. Slíkt hefði ekki verið gert ef fyrirtækið eða starfsmenn hefðu verið að nýta sér eitthvað sem talist gæti atvinnuleyndarmál varið af 27. gr. samkeppnislaganna. Mótmælt er að Afurðasalan hafi óskað eftir að Kjötumboðið hætti framleiðslu á paté. Hið rétta sé að framkvæmdastjóri Afurðasölnunnar hafi lýst yfir óánægju með frétt Morgunblaðsins við framkvæmdastjóra Kjötumboðsins.

Um málsástæður og lagarök Harðar og Hólmgríms segir að þeir hafi með störfum sínum hjá Kjötumboðinu „alls ekki gert sig seka um trúnaðarbrot gagnvart sínum fyrri vinnuveitanda Íslensku-frönsku hf. né Afurðasölnunni í Borgarnesi er varði við 2. og/eða 3. mgr. 27. gr. samkeppnislaga.

Í fyrsta lagi telja umbj. mínir að kærandi geti ekki kært þá til Samkeppnisstofnunar, þar sem þeir hafi aldrei verið að vinna fyrir kæranda og geti þar af leiðandi ekki brotið neinn trúnað gagnvart honum er varði við 27. gr. Vísa beri málinu frá af þeim sökum, þar sem kærandi komi ekki í stað fyrri vinnuveitenda með gerð kaupsamnings.

Verði ekki fallist á kröfu umbj. minna um frávísun málsins er því haldið fram af umbj. mínum að þeir hafi ekki haft á brott með sér neinar uppskriftir frá Íslensku-frönsku hf. né hafi þeir við störf sín hjá Kjötumboðinu hf. hagnýtt sér atvinnuleyndarmál.

Umbj. mínir halda því fram að þeir hafi ekki veitt Kjötumboðinu hf. upplýsingar um atvinnuleyndarmál Íslensks-fransks hf. varðandi gerð patéanna

enda hafi engin slík atvinnuleyndarmál er varin eru í 27. gr. samkeppnislaganna verið fyrir hendi.“

Lögmaðurinn rekur að krafa um leynd verði að hafa verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis, eða að það liggi í hlutarins eðli, til að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. 27. gr. samkeppnislaga. Fram á þetta hafi ekki verið sýnt né hafi þetta komið fram gagnvart starfsmönnum t.d. í ráðningarsamningum, starfslokasamningum eða yfirlýsingum. Síðan segir: „Þó vissu forsvarsmenn Íslensks-fransks eldhúss hf., strax í septembermánuði, að umbj. mínir væru búnir að ráða sig til starfa hjá samkeppnisaðila kæranda og því hefði þeim átt að vera fullljóst að þeirra starfsreynsla yrði að sjálfsögðu nýtt hjá nýjum vinnuveitanda. Þar sem vitað var við kaup kæranda á kjötdeild Íslensks-fransks hf. að búið var að segja starfsmönnum upp og þeir höfðu ekki hug á að flytjast til Akraness, gat Afurðasölunni vissulega ekki dulist, að starfskraftar þeirra starfsmanna myndu að sjálfsögðu nýtast við þau störf er þeir kunnu best og höfðu aflað sér reynslu til að framkvæma.“

Þá kemur fram að við túlkun á 27. gr. samkeppnislaga geti almenn þekking og reynsla starfsmanns ekki fallið undir atvinnuleyndarmál. Hefðu Íslenskt-franskt og Afurðasalan talið að Hörður og Hólmgrímur byggju yfir slíkri þekkingu hafi fyrirtækjunum borið að gera þeim grein fyrir því við starfslok. Slíkt hafi ekki verið gert þrátt fyrir að ljóst hafi verið að þeir færu til starfa hjá Kjötumboðinu. Ekki sé því hægt að beita 27. gr. gagnvart þeim. Síðan segir að þessar ásakanir séu settar fram án röksemda og séu „þetta ámælisverð vinnubrögð og ber að mótmæla þeim mjög harðlega. Taka ber fram að umbj. mínum var sagt upp störfum án nokkurra fyrirvara eða athugasemda og ef þeim er ekki heimilt að vinna við það sem þeir eru bæði menntaðir til og hafa starfsþekkingu til, er verið að skerða atvinnufrelsi þeirra meira en 75. gr. stjórnarskrárinnar og ákvæði 27. gr. samkeppnislaganna heimila. Þessi niðurstaða fær einnig stuðning í 37. gr. samningalaganna þar sem skuldbinding starfsmanns gagnvart vinnuveitanda um að hefja störf hjá samkeppnisaðila er ekki bindandi ef starfsmanni er sagt upp störfum.“

Þá er á það bent að þróunarferlið við gerð patéanna hefði ekki tekið marga mánuði ef notaðar hefðu verið óheimilar uppskriftir. Jafnframt kemur fram að upplýsingar um paté-framleiðslu sé að finna í ýmsum matreiðslubókum og að allir með matvælamenntun eigi að geta framleitt sambærileg paté. Skilyrði 27. gr. um að þeir hafi búið yfir sérstakri þekkingu sé því ekki fyrir hendi.

Um röksemdir Kjötumboðsins segir í svarinu „að fyrirtækið hafi ekki með nokkrum hætti brotið gegn 20., 21., 25. og 1. og 3. mgr. 27. gr. samkeppnislaga.“

Um 27. gr. segir: „Það er fráleitt að halda því fram að umbj. minn hafi með ótilhlýðilegum hætti aflað sér og hagnýtt atvinnuleyndarmál Íslensks-fransks hf. og kæranda. Til að lagagreinin eigi við um háttsemi, þarf aðferðin við að afla sér upplýsinga um atvinnuleyndarmál að teljast ótilhlýðileg, nefnd eru dæmi í greinargerð um að iðnaðarnjósir myndu t.d. falla þarna undir. Það getur ekki talist ótilhlýðilegt, sama hvernig reynt er, að umbj. minn ráði til sín starfsmenn, sem leita eftir atvinnu hjá honum þar sem þeim hafði verið sagt upp störfum af fyrri vinnuveitanda...“

Það er vert að benda á að kærandi telur háttsemi umbj. míns Kjötumboðsins hf. brjóta gegn 3. mgr. 27. gr. 3. mgr. 27. gr. á eingöngu við um þá sem starfs síns vegna eða stöðu hefur verið trúað fyrir upplýsingum og getur því ekki átt við umbj. minn. Kærandi hefur e.t.v. átt við 4. mgr. 27. gr. en til að hægt sé að telja aðila hafa brotið gegn þeirri málsgrein verður sá – í hugrænu tilliti – sem notfærir sér atvinnuleyndarmál að vita að um er að ræða atvinnuleyndarmál eða þau atriði sem um ræðir í 3. mgr. og að upplýsinga um þau hafi verið aflað með því að brjóta gegn ákvæðum 1.–3. mgr. Eins og að framan er rakið hefur umbj. minn vissulega ekki brotið gegn 1. mgr. 27. gr. og hefur síður en svo notfært sér uppskriftir eða aðrar upplýsingar er hann vissi til að væru atvinnuleyndarmál og á 4. mgr. 27. gr. því ekki við.“

Í svarinu er síðan rakið að Kjötumboðið hefði getað fengið aðstoð erlendis frá við paté-framleiðslu til að stytta þróunarferlið og að um allan heim séu framleidd áþekk paté. Útlit og form patéanna sé „ekki hugmynd sem kærandi hefur einkarétt á, heldur er alls staðar verið að framleiða sams konar vörur og enginn einn á rétt á einhverju ákveðnu lagi, formi eða útliti.“

Um efnagreiningu sem Afurðasalan lét framkvæma segir að um sé að ræða greiningu á orkuefnunum próteini, kolvetni og fitu auk salts. Síðan segir: „Efnagreiningin segir ekkert til um hvaða kjöt- eða kryddtegundir eru notaðar en hinar mismunandi tegundir verða til aðallega vegna mismunandi notkunar kjöts og krydds...“

Um 20. gr. samkeppnislaga segir: „Hvað varðar ásakanir kæranda um brot umbj. míns á 20. gr. samkeppnislaganna er ekkert í háttsemi umbj. míns

almennt né hvað varðar kynningu og markaðssetningu paté-framleiðslunnar er brýtur í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi, eins og þeir eru tíðkaðir.“

Um 21. gr. samkeppnislaga segir: „Ekkert sem komið hefur frá umbj. mínum varðandi paté-framleiðslu hans er rangt, ófullnægjandi eða villandi og þannig reynt að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vörunnar. Paté-framleiðsla umbj. míns hefur lítið sem ekkert verið í almennum auglýsingum en eingöngu verið í formi umfjöllunar og einni fréttatilkynningu í Morgunblaðinu auk í tímaritsgrein í fagtímariti um mat...

Allar upplýsingar eru þarna rétt tilgreindar, skýrt er tekið fram að það sé Kjötumboðið hf./GOÐI, sem framleiði vörunar og að starfsmenn þeir er sjái um framleiðsluna hafi áður unnið hjá Íslensku-frönsku. Skilyrði þess að greinin sé brotin er að þó upplýsingarnar séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn vöru, þá verða þær að vera rangar, ófullnægjandi eða villandi. Um það er vissulega ekki að ræða.

...Ekkert í kynningarstarfsemi umbj. míns getur með nokkru móti talist falla þarna undir. Þvert á móti er skilmerkilega greint rétt og satt frá staðreyndum á allan hátt og ekkert dregið undan.“

Um 25. gr. samkeppnislaga segir m.a.: „Það er fráleitt að halda því fram að umbúðirnar séu til þess fallnar að villst verði á framleiðsluvörum kæranda og umbj. míns enda er þessari fullyrðingu haldið fram án þess að gerð sé nokkur tilraun til að rökstyðja hana...

Hvað varðar nöfnin á hinum ýmsu paté-tegundum, þá hefur kærandi að sjálfsögðu ekki getað fengið þau skrásett sem vörumerki þar sem nöfnin uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. 13. gr. vörumerkjalaga nr. 47/1968, þ.e. þau lýsa efnisinnihaldi vörunnar. Hefur það verið orðað sem svo að ekki sé hægt að veita einkarétt á orðum sem viðskiptalífið þurfi á að halda...“

Með svari lögmannsins fylgdu ýmsar upplýsingar s.s. erlendar paté-uppskriftir, athugasemdir matvælafræðings Kjötumboðsins við efnagreininguna og yfirlýsing Kristjáns G. Kristjánssonar starfsmanns Kjötumboðsins sem framleitt hefur tvær þeirra paté-tegunda sem fyrirtækið hefur selt.

2.

Svar lögmanns Kjötumboðsins var sent lögmanni Afurðasölunnar í Borgarnesi til athugasemda og bærust þær með bréfi dags. 18. nóvember 1997. Þar er því mótmælt að Hólmgrími og Herði hafi verið sagt upp hjá Íslensku-frönsku eldhúsi heldur hafi þeir sagt upp að eigin frumkvæði og vitnað er til bréfs Þráins Þorvaldssonar sem fylgdi með athugasemdunum. Síðan segir: „*Við starfslok þeirra Hólmgríms og Harðar hjá ÍFE var sérstaklega, og að gefnu tilefni, farið yfir helstu ákv. samkeppnislaga að þessu leyti, þ.m.t. 27. gr. þeirra, svo aftur sé vísað til framangreindrar yfirlýsingar Þráins Þorvaldssonar, og fylgiskjals hennar. Var kærðu Hólmgrími og Herði gert grein fyrir hverjar takmarkanir samkeppnislög settu þeim, eftir áralangt starf hjá Íslensku-frönsku hf. og ÍFE.*“

Þá kemur fram að þróun á nýjum patéum Kjötumboðsins sé útilokuð á svo skömmum tíma sem fyrirtækið haldi fram nema því hafi verið afhent þróunarstarf keppinauts. Þá er í athugasemdunum útskýrður munur á kæfu og paté. Kæfa er búin til úr mauksoðnu kjöti en paté felur í sér bökun á hráu kjöti. Rétt sé að matreiðslubækur geymi uppskriftir að hvoru tveggja en ekki hvernig fjöldaframleiðslu sé best háttað. Afurðasalan skorar á Kjötumboðið að leggja fram uppskriftir þær sem paté-framleiðsla þeirra byggist á. Aðalatriðið telur Afurðasalan vera að „*framleiðsla Kjötumboðsins hf. og umbj. míns er að útliti, aðferðarfræði, og munstri búin sömu eiginleikum. Ástæðan er einföld: Byggt er á hugmyndafræði Eric Calmons, sem umbj. minn hefur keypt framleiðslurétt á, en kærðu Hólmgrímur og Hörður tóku traustataki með sér þegar þeir hættu störfum hjá ÍFE.*“

Sérstaklega bendir Afurðasalan, með vísan til efnagreiningarinnar, á skyldleika Íslensks fjallagrasa-paté og Skógar-paté með sveppum frá Kjötumboðinu hf. og Sveita-paté, Fjallagrasa-paté og Frönsku-paté hjá Afurðasölunni.

Þá er í athugasemdum Afurðasölunnar vikið að framleiðslu og notkun á „jarðsveppalíki“ (truffé) í framleiðslu Kjötumboðsins og talið nauðsynlegt að staðreyna þá uppskrift. Nánar segir um þetta atriði: „*Eric Calmon þróaði aðferð til framleiðslu á jarðsveppalíkinu, en eina skriflega uppskrift hans á henni hvarf sl. haust. Enginn innflutningur hefur verið á þessu efni undanfarin misseri, sem er mjög dýrt, eða ca. 100 þús. kr. pr. kg. Kjötumboðið hf. hlýtur því að framleiða jarðsveppalíkið sjálft. Opinberar uppskriftir eru ekki til af jarðsveppalíkinu, og því áleitinn spurning hvaðan vitneskja Kjötumboðsins hf.*

að þessu leyti er tilkomin. Kærandi leggur til að samkeppnisyfirvöld hlutist til um rannsókn á þessu máli.

Árangur Kjötumboðsins hf. í kjötpaté-framleiðslu sl. mánuði kemur ekki á óvart, þegar litið er til þess að undanfarin ár, nærri níu, hefur Hörður Reynisson séð um blöndun á efni til kjötpaté-framleiðslu hjá Íslensku-frönsku hf. á tveggja mánaða fresti, og haft aðgang að öllum „leyndarmálum“ og „uppskriftum“ fyrirtækisins. Virðist hann hafa staðið við hótun sína, er hann lét uppi þegar hann sagði upp og hætti störfum hjá ÍE, að hann lofaði ekki að nota ekki framleiðsluuppskriftir ÍF og/eða ÍFE í sínu nýja starfi.“

Þá er því mótmælt að vísa beri frá kæru á Hólmgrím og Hörð þar sem þeir hafi aldrei unnið hjá Afurðasölnunni þar sem 27. gr. samkeppnislaga sé ekki bundin því skilyrði að vinnuveitandi sé að elta uppi fyrrverandi starfsmenn. Aðalatriðið sé að „Hólmgrími og Herði mátti vera ljóst, að við framleiðslu á kjötpaté fyrir Kjötumboðið hf., byggðu þeir á sértækri starfsreynslu sinni frá Íslensku-frönsku hf., sem þeir vissu, og lá jafnframt í hlutarins eðli, að félli undir skilgreiningu „atvinnuleyndarmáls“ í skilningi 27. gr. samkeppnislaga. Tilvitnun lögmanns kærðu til 37. gr. samningalaganna á ekki við, með vísan til þess hverjir málavextir eru í raun í máli þessu, nema þá með öfugum formerkjum til stuðnings kröfugerð kæranda.

27. gr. samkeppnislaga á jafnframt eðlilega við kærða Kjötumboðið hf. Kærandi ítrekar að ótilhlýðilegt er af Kjötumboðinu hf. að nýta sér þær upplýsingar sem kærðu tóku með sér frá Íslensku-frönsku hf., og Kjötumboðið hf. nýtir við kjötpaté-framleiðslu sína. Lögmaður kærðu bendir réttilega á ritvillu í kæru, þar sem vísað er ranglega til 3. mgr., sem á að vera 4. mgr. 27. gr., hvað Kjötumboðið hf. varðar, auk 1. mgr.“

Að lokum eru ítrekuð rök um brot gegn ákvæðum 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Jafnframt er kröfugerð Afurðasölnunnar breytt, þannig að ekki er lengur krafist banns á sk. franskt-paté og parísar-paté þar sem upplýst hafi verið að höfundur þeirra sé Kristján G. Kristjánsson. Að öðru leyti er fyrri kröfugerð ítrekuð.

3.

Með athugasemdum Afurðasölnunnar í Borgarnesi fylgdi bréf frá Þrání Þorvaldssyni framkvæmdastjóra hjá Íslensku-frönsku eldhúsi hf., dags. 18. nóvember 1997. Þar segir m.a. að Hörður og Hólmgrímur hafi sagt upp störfum

hjá Íslensku-frönsku eldhúsi og að Hörður hafi verið hægri hönd Eric Calmons í framleiðslu á kjöt- og fiskpatéum. Hann hafi haft aðgang að öllum leyndarmálum fyrirtækisins og uppskriftum en reynt hafi verið að gæta þess að aðrir hefðu ekki aðgang að þeim. Um það atriði að ekki hafi verið gerðar athugasemdir við það að þeir hygðust hefja störf hjá keppinauti segir: „*Þetta er rétt að því leyti til að ekki var gerð athugasemd við að þeir hæfu störf hjá Kjötumboðinu hf. enda töldum við okkur ekki hafa rétt til slíkra takmarkana. Hins vegar var munnlega rætt við þá báða um samkeppnislögin og þá ábyrgð sem fælist í því að fara með þekkingu og uppskriftir milli fyrirtækja. Eðlilega var þetta rætt meira við Hörð en Hólmgrím enda þekkingin fyrst og fremst hjá Herði. Þegar ég ræddi þetta við Hörð eftir uppsögn hans, að hann notaði ekki framleiðsluuppskriftir í nýju starfi svaraði hann því til að hann gæti lofað því gagnvart fiskafurðunum en hann sagðist ekki vilja gefa slík loforð viðvikjandi kjötafurðum.*

Þeir félagar komu síðan í heimsókn til ÍFE hf. á Akranesi í febrúar. Á skrifstofu minni sýndi ég þeim meðfylgjandi blað [Meira um ráðningasamninga eftir Jónas G. Jónasson verkfræðing framkvæmdastjóra SV] og fór yfir það með þeim. Benti ég þeim á það sem þar er sagt um ákvæði samkeppnislaga um trúnað við fyrri vinnuveitendur.“

Um það að eftir að Hörður og Hólmgrímur hófu störf hjá Kjötumboðinu hafi farið af stað þróunarferli við framleiðslu á kjötpaté segir m.a. í bréfi Þráins: „*Okkur finnst það skjóta nokkuð skökku við að þegar Kjötumboðið hf. hefur framleiðslu á kjötpatéum, er líkt sem mest eftir framleiðslu Íslensks-fransks en ekki reynt að fara eigin leiðir og skapa sér einhverja sérstöðu á markaðinum sem flestir framleiðendur gera. Skýringin er einföld. Hörður flutti þekkinguna með sér. Framleikinn var enginn. Þeir félagar höfðu t.d. samband við Áliðjuna hf., framleiðanda álmótanna fyrir suðuna á patéunum, og báðu hann um að framleiða sömu mót fyrir Kjötumboðið hf. og ÍFE hf. hafði þróað og AB hf. notar. Forsvarsmaður Áliðjunnar hf. hafði samband við ÍFE hf. og í samráði við okkur neitaði hann Kjötumboðinu um afgreiðslu mótanna.“*

Að lokum segir í bréfi Þráins: „*Eitt atriði í framleiðslunni var algjör sérstaða hjá ÍFE hf. en það var framleiðsla á truffé sem er jarðsveppalíki. Enginn innflutningur hefur átt sér stað til Íslands í langan tíma eða síðan ÍFE hf. hóf framleiðslu á þessu hráefni til eigin nota. Þá aðferð þróaði Eric sjálfur og er ekki vitað um að opinberar uppskriftir séu til um framleiðslu þessarar vöru. Á auglýsingamyndum frá Kjötumboðinu hf. sést truffé í kjötpatéum. Aðeins eitt*

eintak var til af uppskrift til framleiðslu á truffé en þetta eintak hvarf síðastliðið haust. “

4.

Athugasemdir Afurðasölnunnar voru sendar lögmanni Kjötumboðsins til frekari athugasemda og bárust þær í bréfi dags. 17. desember 1997. Þar segir m.a.: „*Þeirri fullyrðingu, að málavaxtalýsing í greinargerð umbj. minna dags. 03.11.1997, sé vísvitandi röng, er harðlega mótmælt. Á hinn bóginn er haldið fram órökstuddum fullyrðingum enn og aftur af hálfu kæranda, sem sýnir hversu ómálefnalegur málatilbúnaður hans er. Mjög alvarlegar ásakanir og ósannindi koma fram í bréfi Þráins Þorvaldssonar, og er því nauðsynlegt að taka á þeim atriðum einnig. Bréf Þráins verður að meta í því ljósi, að hann og hans fyrirtæki eiga mikilla hagsmuna að gæta gagnvart kæranda vegna sölnunnar á kjötdeild Íslensks-fransks hf. til kæranda. Íslenskt-franskt eldhús ehf. er hluthafi í Afurðasölnunni í Borgarnesi, sbr. kaupsamning milli aðila.*

Það er óhrekjanleg staðreynd, að umbj. mínum Herði og Hólmgrími, var báðum sagt upp störfum hjá Íslensku-frönsku hf. þann 29. febrúar 1996, sbr. meðfylgjandi ljósrít. Annað eru augljós rangindi eins og uppsagnarbréf sýnir fram á. Er óskiljanlegt að verið sé að reyna að halda öðru fram.“

Rakið er að Hörður og Hólmgrímur hafi samþykkt að starfa tímabundið hjá Íslensku-frönsku eldhúsi. Íslenskt-franskt eldhús sé annar lögaðili og annað fyrirtæki en Íslenskt-franskt og Herði og Hólmgrími hafi verið sagt upp störfum. Þá segir: „*Því er haldið fram, án nokkurra sannana, að af gefnu tilefni hafi sérstaklega verið farið yfir ákvæði 27. gr. samkeppnislaga, með umbj. mínum við starfslok þeirra hjá Íslensku-frönsku eldhúsi hf. Það er einfaldlega rangt, enda hefði þá átt að ganga frá skriflegum starfslokasamningum, þar sem slíkt væri skjalfest.*

Staðhæfing um heimsókn umbj. minna til Akraness í febrúar, 8 mánuðum eftir starfslok þeirra hjá Íslensku-frönsku hf., til þess að fara yfir ákvæði samkeppnislaga er röng. Hún sýnir hins vegar best að seljendur kjötdeildar Íslensks-fransks hf. og kærandi, töldu þessi mál engu skipta. Ef atvinnuleyndarmálið var því líkt sem haldið hefur verið fram, er það ótvíræð krafa að þeir hafi haft frumkvæði að því að kynna það með sannanlegum hætti fyrir starfsmönnum sínum. Það var hins vegar aldrei gert.

Dylgjur um að umbj. mínir hafi stolið uppskrift að svokölluðu „truffé“ eða jarðsveppalíki, eru ósannar. Einnig þær dylgjur að Hörður hafi hótad að nota uppskriftir Íslensks-fransks hf. í nýju starfi. Er því vísað heim til föðurhúsanna og frábíðja umbj. mínir sér því lík meiddyrði. Er fráleitt að halda því fram að umbj. mínir hafi farið að stela uppskriftum er leið að starfslokum þeirra eða verið með hótanir gagnvart Íslensku-frönsku Eldhúsi ehf., án þess að tilraun sé gerð til að færa sönnur fyrir slíkum fullyrðingum.“

Þá er því mótmælt að Kjötumboðið hafi sóst eftir kaupum á Íslensku-frönsku. Hið rétta sé að Íslenskt-franskt hafi boðið fyrirtækið til sölu. Því til staðfestingar fylgdi yfirlýsing Jóhanns G. Ásgrímssonar sem vann að samningum fyrir Íslenskt-franskt. Ítrekað er að efnagreining sýni mestan skyldleika við þær vörur sem starfsmaður Kjötumboðsins vann að áður en Hörður og Hólmgrímur voru ráðnir þar til starfa og að allar uppskriftir sem notaðar eru við paté-framleiðslu séu þróaðar þar. Því er einnig mótmælt að sérstaða Íslensks-fransks felist í því að kryddefni séu blönduð á staðnum en ekki keypt tilbúin. Kjötumboðið blandi sjálft eigin kryddblöndur til jafns við tilbúna blöndur. Lítið sé gert úr þeim tíma sem tekið hafi að þróa paté-tegundir en í raun hafi allt að eitt mannaár farið í framleiðsluþróunina. Búið sé að eyða miklum tíma í framleiðslu fárra vörutegunda.

Því er mótmælt að vörur Kjötumboðsins hf. séu að útliti, aðferðafræði og munstri þúar sömu eiginleikum og vörur kæranda og síðan segir: „Í hverju er „hugmyndafræði“ Eric Calmons frábrugðin annarri paté-framleiðslu, innlendri eða erlendri? Að sjálfsögðu í engu. Hvaða útlit er það sem kærandi telur sig hafa einkarétt á, sem ekki er að finna hjá veitingahúsum, í matreiðslubókum, í fagtímaritum og í verslunum víða um heim? Hið rétta er að útlitið er hið sama hjá kæranda og öðrum erlendum og innlendum framleiðendum. Og að síðustu. Hvað er munstur í paté-gerð?“

Fram kemur að mót fyrir paté-framleiðslu eru fengin víða að og „Áliðjan hf. er aðeins einn þessara aðila. Vegna hótana um að hætta viðskiptum, fékk Íslenskt-franskt eldhús ehf. það fyrirtæki til að neita að vinna fyrir fleiri en einn viðskiptavin í sambærilegum atvinnurekstri. Þetta eru einfaldlega einokunartilburðir en um það snýst mál þetta í hnotskurn.“

Fram kemur að á kynningu matvælaframleiðenda, þann 30. apríl 1997, kynnti Kjötumboðið nokkrar tegundir af paté sem þá var nýbyrjað að framleiða og selja. Vörurnar kynntu þeir Hólmgrímur og Hörður. Á þessari sömu kynningu

hafi Afurðasalan kynnt sínar vörur. Afurðasölunni hafi því verið ljóst að á markaðinn voru að koma nýjar paté-tegundir sem Hólmgrímur og Hörður voru höfundar að undir vörumerki Goða. Afurðasalan hafi samt ekki gert athugasemdir við framleiðsluna fyrr en hálfu ári síðar, og þá til Samkeppnisstofnunar.

Ítrekað er að uppskriftir Eric Calmons hafi ekki verið nýttar við framleiðslu hjá Kjötumboðinu og að allir með kunnáttu og reynslu á matvælasviði geti framleitt paté, sambærileg framleiðslu Afurðasölnnar. Paté-framleiðsla fyrir almennan markað sé ekki uppfinning Eric Calmons og ekki sé um að ræða einkarétt á framleiðslunni.

Þá er ítrekað að Herði og Hólmgrími hafi verið sagt upp störfum hjá Íslensku-frönsku og þeim hafi ekki verið kynnt að fyrirtækið teldi sig hafa yfir atvinnuleyndarmálum að ráða. Slíkt sé skilyrði fyrir beitingu 27. gr. samkeppnislaganna. Engar athugasemdir hafi heldur verið gerðar þegar þeir föluðust eftir starfi hjá Kjötumboðinu. Þá hafi ekki verið gerðar athugasemdir né óskað rannsóknar á hvarfi uppskriftar af jarðsveppalíki.

Að lokum segir: „*Umbj. mínir hafa alls ekki hagnýtt sér neinar uppskriftir frá Íslensku-frönsku hf. eða kæranda og því síður einhver óskilgreind önnur atvinnuleyndarmál.*“

Með athugasemdunum fylgdu m.a. afrit af bréfi þar sem Hólmgrími er sagt upp hjá Íslensku-frönsku, dags. 29. febrúar 1996, og afrit af bréfi þar sem Hörður segir upp hjá Íslensku-frönsku eldhúsi, dags. 30. september 1996.

5.

Lögmanni Afurðasölnnar í Borgarnesi var gefinn kostur á að koma að lokaathugasemdum og bárust þær með bréfi dags. 9. janúar 1998. Þar segir m.a.: „*Kærandi ber ekki á móti að Herði og Hólmgrími hafi verið sagt upp í febrúar 1996... Aðalatriðið er hins vegar, þrátt fyrir að lögmaður kærðu haldi öðru fram, að Íslenskt-franskt hf. og Íslenskt-franskt eldhús ehf. eru sama lögpersónan, sami „lögaðilinn“... Samningur kæranda við Íslenskt-franskt hf. fól í sér kaup á kjötdeild fyrirtækisins, en ekki félaginu sem slíku. Félagið hélt áfram störfum, þó starfsemin einskorðaðist við fiskdeildina. Nafni þess var einungis breytt í Íslenskt-franskt eldhús ehf. Uppsagnir Harðar og Hólmgríms komu þannig ekki til framkvæmda, og nýir ráðningarsamningar voru gerðir við þá af sama vinnuveitanda þeirra, en ekki nýrri lögpersónu. Þeir létu af störfum*

hjá Íslensku-frönsku hf./Íslensku-frönsku eldhúsi hf. að eigin ósk í lok árs 1996. Ranghermt er í málavaxtalýsingu kæranda í kærðu, að stofnað hafi verið nýtt félag um Íslenskt-franskt eldhús ehf., og er það leiðrétt hér með.“

Tekið er fram að eignarhlutur Íslensks-fransks eldhúss í Afurðasölunni sé óverulegur, eða 3,039%, og að Íslenskt-franskt eldhús hafi veitt kæranda fullan stuðning í kærðu sinni eins og bréf framkvæmdastjóra bera með sér. Lykilatriði í málinu telur Afurðasalan vera hvaðan uppskrift að jarðsveppalíki Kjötumboðsins sé fengin en það sé óupplýst. Þá kemur fram að Afurðasalan hafi verið með mál þetta í undirbúningi frá því að Kjötumboðið kynnti fyrst paté-framleiðslu á grundvelli uppskrifta Harðar og Hólmgríms.

Ítrekað er það sjónarmið Afurðasölnunnar að 27. gr. samkeppnislaga feli það í sér að starfsmenn geti ekki skipt um vinnuveitanda og boðið jafnframt til sölu sérfræðipækkingu sem sérstaklega er áunnin hjá eldri vinnuveitanda. Þá geti Hörður og Hólmgrímur ekki byggt paté-uppskriftir sínar á almennri þekkingu og reynslu eins og Kjötumboðið haldi fram. Síðan segir: „*Það er rétt að Eric Calmon eða Íslenskt-franskt hf. hafa ekki fundið upp paté. Hins vegar hafa þessir aðilar þróað ákveðnar uppskriftir og aðferðir við fjöldaframleiðslu á paté, sem fellur undir skilgreiningu 27. gr. samkeppnislaga um „atvinnuleyndarmál“, og þeir hafa síðan selt til 3ja aðila. Fyrrum handverksmenn hjá ÍF hf., sem treyst var fyrir uppskriftunum og sáu um framleiðslu frá degi til dags, en ekki þróunarvinnu, nýta sér þá sérþekkingu sem þeir öfluðu sér sem starfsmenn ÍE hf., til framleiðslu á sambærilegum vörum fyrir nýjan vinnuveitanda.*

Niðurstaða þessa máls fyrir samkeppnisyfirvöldum hlýtur að ráðast af því, hvort Hörður og Hólmgrímur bjuggu aðeins yfir almennri þekkingu, og reynslu vegna áralangra starfa í matvælaíðnaði, eins og lögmaður kærðu vill meina, eftir nær áratugs starf hjá ÍF hf./ÍFE ehf., sem aldrei getur fallið undir skilgreiningu „atvinnuleyndarmáls“ í skilningi 27. gr. samkeppnislaga, og því sé þeim heimilt að yfirfæra þá þekkingu sína afskiptalaust til nýs vinnuveitanda, eða hvort sjónarmið kæranda og ÍFE ehf. eiga við. Kærandi og ÍFE ehf. telja að þekking Harðar og Hólmgríms hafi verið sértæk. Þeim hafi verið trúað fyrir upplýsingum og framleiðsluleyndarmálum, sem þeim hafi bæði verið gert grein fyrir að væru „atvinnuleyndarmál“ í skilningi 27. gr. samkeppnislaga, og jafnframt hafi þeim mátt vera ljóst að það fælist í hlutarins eðli. Af þessu leiðir að kærðu Hörður og Hólmgrímur hafi komist yfir þekkingu sína á lögmatan hátt... Brot hinna kærðu, þ.m.t. Kjötumboðsins hf., felst í því

að brjóta það bann sem er við hagnýtingu hinna lögmætu upplýsinga/þekkingar, án heimildar kæranda og/eða ÍF hf./ÍFE ehf. Hinir kærðu mótmæla því ekki að „hinar nýju“ uppskriftir Harðar og Hólmgríms byggji á framangreindri þekkingu þeirra. Jafnframt er viðurkennt að Hörður og Hólmgrímur tóku ekki þátt í þróunarvinnu hjá ÍF hf./ÍFE ehf., sem skýrir hversu frumleiki er lítill í uppskriftum og framleiðslu þeirra, samanborið við framleiðslu ÍF hf. og kæranda nú. Spurningin sem samkeppnisyfirvöld þurfa að svara, er hvort hagnýtingin er lögmæt. Svokallað „þróunarferli“ á uppskriftum og framleiðslu kærðu, er byggja á framangreindri þekkingu, er jafn stutt og raun ber vitni, af þeirri ástæðu að byggt er á rúmlega áratugareynslu Eric Calmons, Gunnlaugs Guðmundssonar og ÍF hf./ÍFE ehf. á framleiðslu á kjötpaté. Framangreind háttsemi er að sjálfsögðu siðlaus, en spurningin er hvort hún er einnig lögleysa, eða ekki. Nauðsynlegt er að matvælaíðnaðurinn fái svar við spurningunni.“

6.

Með bréfi Afurðasölnunnar í Borgarnesi fylgdi bréf frá Þrání Þorvaldssyni framkvæmdastjóra Íslensks-fransks eldhúss, dags. 9. janúar 1998. Þar segir m.a.: „Áhugi ÍFE hf. fyrir því að leiða þetta mál til lykta er fyrst og fremst til þess að fá úr því skorið hvort samkeppnislögin vernda þróunarstarf á sviði matvælaframleiðslu sem markar ákveðna sérstöðu og kostað hefur verið til tugum milljóna króna...

Að okkar dómi snýst málið ekki um hagsmunatengsl ÍFE hf. við Afurðasöluna í Borgarnesi heldur hversu mikils virði samkeppnislögin eru í verndun hugverka og kostnaðarsamra þróunarstarfa sem framleiðslufyrirtæki eins og ÍFE hf. hafa lagt tugi milljóna króna í þróun á. Niðurstaða samkeppnisráðs mun því hafa áhrif á stöðu og þróun matvælaframleiðslu á Íslandi.“

7.

Þann 29. júní 1998 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að sökum mikils málafjölda í meðferð hjá stofnuninni væri fyrirsjáanleg töf á afgreiðslu þessa máls.

Jafnframt var lögmanni Kjötumboðsins sendar síðustu athugasemdir Afurðasölnunnar til frekari athugasemda. Athugasemdirnar bárust í bréfi dags.15. ágúst 1998. Þar eru ítrekuð fyrri rök en jafnframt segir:

„Bent hefur verið á að samkeppnislögin heimili ekki þær aðgerðir sem farið er fram á af kæranda, þar sem þær myndu valda umbj. mínum gífurlegu fjártjóni og Samkeppnisstofnun baka sér skaðabótaábyrgð. Kærandi hefur enda ekki lagt fram neinar sannanir í málinu. Á mál þetta alfarið undir almenna dómstóla, þar sem annað hvort er farin sú leið að krefjast lögbanns með tilheyrandi tryggingum úr hendi kæranda og eftirfarandi dómsmáls, eða að fordast nánast örugga skaðabótaábyrgð og fara í einkamál án þess að krefjast lögbanns og fá dómsniðurstöðu þar sem nauðsynleg sönnunarfærsla hefur farið fram.

Lögbannsúrskurðir fást ekki auðveldlega og þá eingöngu gegn háum tryggingum... Verður ekki séð að samkeppnislögin geri ráð fyrir að Samkeppnisstofnun geti átt þátt í aðgerðum er valdið geti stofnuninni háum skaðabótaábyrgðum. Af þeim sökum getur Samkeppnisstofnun/ráð ekki kveðið upp úrskurð, þar sem fallist væri á kröfur kæranda. Málinu verður að vísa til almennra dómstóla.“

Þá segir í athugasemdunum að Afurðasalan gangi út frá því að: „Hörður og Hólmgrímur hafi falast eftir vinnu hjá Kjötumboðinu af fyrra bragði með það að leiðarljósi að nota þar ákveðnar uppskriftir og aðferðir við fjöldaframleiðslu á paté, og með því notfært sér atvinnuleyndarmál í skilningi 27. gr. samkeppnislaga.

...Það liggur í augum uppi að eigendur Íslensks-fransks hf. töldu sig ekki hafa yfir neinum atvinnuleyndarmálum að ráða vernduðum af 27. gr. samkeppnislaga. Kemur það m.a. til af því að þeir töldu hvorki nauðsynlegt að taka á meintum atvinnuleyndarmálum með gerð starfslokasamninga né þegar umbj. mínir voru ráðnir tímabundið til vinnu á Akranesi. Þó var vitað að þeir væru að leita fyrir sér með atvinnu í Reykjavík og auðvitað hjá aðilum á matvælasviðinu... Af þessu er ekki hægt að draga aðrar ályktanir en að fyrri vinnuveitendur umbj. minna töldu umbj. mína ekki hafa komist að neinu því hjá fyrirtækinu er leynt ætti að fara.“

Að lokum segir í athugasemdunum að Afurðasalan hafi ekki svarað því í hverju hugmyndafræði Eric Calmons sé frábrugðin annarri paté-framleiðslu og hvers vegna hann eigi rétt á ákveðnu útliti á paté. Framleiðsluaðferðir Eric Calmons byggja á aðferðum sem hann hafi erlendis frá þar sem paté hafi verið fjöldaframleitt í áratugi.

III. Lagaumhverfi

1. Samkeppnislög

Samkvæmt 1. gr. samkeppnislaga er markmið þeirra að efla virka samkeppni í viðskiptum og þar með vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Markmiði þessu skal m.a. náð með því að vinna gegn óréttmætum viðskiptaháttum, skaðlegri fákeppni og samkeppnishömlum.

Um hlutverk samkeppnisráðs er fjallað í 2. mgr. 5. gr. Samkvæmt a- og b-lið ákvæðisins er hlutverk samkeppnisráðs m.a. að framfylgja boðum og bönum laganna og leyfa undanþágur samkvæmt þeim og að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi hegðun fyrirtækja og óréttmætum viðskiptaháttum.

Í VI. kafla samkeppnislaga nr. 8/1993 er fjallað um óréttmæta viðskiptahætti. Í 20. gr. laganna segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda.

Í 21. gr. segir að óheimilt sé að veita rangar, ófullnægjandi eða villandi upplýsingar í auglýsingum eða með öðrum hætti eða beita öðrum slíkum viðskiptaaðferðum sem sama marki séu brenndar, enda séu upplýsingar þessar og viðskiptaaðferðir fallnar til að hafa áhrif á eftirspurn eða framboð vara o.fl.

Í 25. gr. segir að óheimilt sé að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða þvílíkt sem sá hafi ekki rétt til er noti eða reki atvinnu undir nafni sem gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur sé sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann eigi tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Í 27. gr. samkeppnislaga segir svo: „Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem hefur fengið vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má

ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeim sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1. – 3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem hafa fengið upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt. “

Um viðurlög er fjallað í XIII. kafla samkeppnislaga. Í 51. gr. segir að samkeppnisráð geti bannað athafnir sem brjóti í bága við ákvæði 20., 21. og 22. gr. laganna. Banninu má fylgja ákvörðun um dagsektir sem komi til framkvæmda sé bannið brotið.

2.

Önnur lagaákvæði

Um skilyrði fyrir skráningu á vörumerki er fjallað í lögum um vörumerki nr. 45/1997. Í 13. gr. segir að það sé skilyrði skráningar vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Merki sem eingöngu eða aðeins með smávægilegum breytingum eða viðbótum gefi til kynna m.a. tegund vörunnar, ástand, magn, notkun, verð, uppruna eða hvenær varan er framleidd, skuli ekki telja nægilegt sérkenni. Sama eigi við um tákni eða orðasambönd sem teljist algeng í viðskiptum eða notuð séu í daglegu máli.

Í 37. gr. samningalaga nr. 7/1936, með síðari breytingum, segir svo: „*Hafi maður, í því skyni að varna samkeppni, áskilið sér hjá öðrum manni að sá maður reki eigi verslun eða aðra atvinnu, eða hann ráði sig eigi til starfa við slíkt fyrirtæki, þá er það loforð eigi bindandi fyrir þann mann ef telja verður, þegar litið er til allra atvika, að skuldbinding þessi sé víðtækari en nauðsynlegt er til þess að varna samkeppni eða hún skerði með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi þess manns sem tókst þessa skyldu á herðar. Við mat á hinu síðastnefnda atriði skal einnig hafa hliðsjón af því hverju það varðar réttshafann að þessi skuldbinding sé haldin.*

Hafi starfsmaður við verslun eða annað fyrirtæki tekið á sig slíka skuldbindingu, sem getur um í 1. mgr., gagnvart þeim, sem fyrirtækið rekur, og skuldbinding hans á að gilda eftir að ráðningu hans við fyrirtækið er lokið þá er skuldbinding ógild ef honum er sagt upp stöðunni eða vikið úr henni án þess að hann hafi sjálfur gefið nægilega ástæðu til þess eða ef hann sjálfur fer

löglega úr stöðunni sakir þess að sá, sem fyrirtækið rekur, vanefnir skyldur sínar við hann.“

Í 1. mgr. 75. gr. stjórnarskrár íslenska lýðveldisins, sbr. 13. gr. laga nr. 97/1995, er fjallað um atvinnufrelsi. Þar segir svo: „Öllum er frjálst að stunda þá atvinnu sem þeir kjósa. Þessu frelsi má þó setja skorður með lögum, enda krefjist almannahagsmunir þess.“

IV.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 26. október 1998, var ákvörðun tekin í þessu máli. Fundinn sátu Brynjólfur Sigurðsson, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Einar Hálfánarson.

1.

Helstu álitaeftni málsins

Mál þetta fjallar um eftirmál þess að Íslenskt-franskt hf. seldi kjötdeild sína, þ.e. framleiðslurétt á kjötpaté o.fl., til Afurðastöðvarinnar Borgarnesi (kvartanda). Tveir fyrrum starfsmenn Íslensks-fransks, síðar Íslensks-fransks eldhúss hf., þeir Hólmgrímur Rósenbergsson og Hörður Reynisson, hófu störf hjá Kjötumboðinu hf., keppinaut kvartanda. Nokkrum mánuðum síðar setti Kjötumboðið á markað kjötpaté. Í málinu er því haldið fram að Hólmgrímur Rósenbergsson, Hörður Reynisson og Kjötumboðið hafi nýtt sér með ólögætum hætti tiltekin atvinnuleyndarmál sem þeim Hólmgrími og Herði hafi verið trúað fyrir í störfum sínum fyrir Íslenskt-franskt, og kvartandi hafi fest kaup á.

Mál þetta snýst skv. framansögðu fyrst og fremst um túlkun á 27. gr. samkeppnislaga. Áður en vikið verður efnislega að ákvæði 27. gr. og öðrum ákvæðum samkeppnislaga mun verða fjallað stuttlega um heimildir samkeppnisráðs til töku ákvarðana skv. 27. gr. og um þau úrræði sem samkeppnislög heimila ef um brot á ákvæðinu er að ræða. Þá mun verða litið til forsögu þess ákvæðis og lögskýringargagna auk úrskurða og dóma er varða greinina eftir því sem tilefni verður til. Leitast verður við að skýra inntak greinarinnar, m.a. með umfjöllun um skilyrði þess að vernd greinarinnar verði virk, t.d. að því er varðar samskipti vinnuveitanda og starfsmanns. Þá verður fjallað um það hvað geti talist atvinnuleyndarmál í skilningi ákvæðisins, með sérstakri áherslu á málsatvik í máli þessu auk þess sem fjallað verður um

sönnunarkröfur. Hins vegar ber ekki að líta svo á að eftirfarandi umfjöllun sé tæmandi um inntak 27. gr.

Loks verður fjallað um meint brot Kjötumboðsins á öðrum ákvæðum samkeppnislaga, þ.e. 20., 21. og 25. gr., en umfjöllun kann þó að verða samþætt, m.a. þar sem meint brot á framangreindum ákvæðum standa í nánu samhengi við túlkun á ákvæði 27. gr. og meint brot á því ákvæði.

2.

Heimildir samkeppnisráðs til töku ákvarðana vegna 27. gr. samkeppnislaga - Úrræði og viðurlög.

Í þessu máli hefur Kjötumboðið haldið því fram að samkeppnislög heimili ekki að samkeppnisráð beiti þeim aðgerðum sem kvartandi hefur krafist í málinu þar sem þær myndu valda Kjötumboðinu gríðarlegu fjártjóni. Í raun eigi mál þetta undir dómstóla en þar geti kvartandi krafist lögbanns með því að leggja fram viðeigandi tryggingar eða farið í einkamál. Kjötumboðið telur að Samkeppnisstofnun geti ekki tekið þátt í aðgerðum er valdið geti stofnuninni háum skaðabótaábyrgðum og beri að vísa máli þessu frá af þessum sökum.

Samkeppnisráð fellst ekki á að ráðið geti ekki tekið ákvörðun þar sem fallist yrði á kröfur kvartanda í máli þessu og viðeigandi úrræðum yrði beitt. Í því sambandi verður að hafa í huga, að Samkeppnisstofnun og samkeppnisráð fara með eftirlit með því að ákvæði samkeppnislaga séu virt, þ.á m. 27. gr. laganna. Ljóst er að ákvörðun um að fallast á eða hafna kröfu um aðgerðir vegna hugsanlegra brota á ákvæðinu felur í sér mat af hálfu samkeppnisyfirvalda á málsatvikum og röksemdum aðila. Ákvarðanir samkeppnisyfirvalda um aðgerðir gagnvart aðilum sem teljast hafa brotið gegn ákvæðum samkeppnislaga munu oft hafa í för með sér ýmis konar röskun fyrir þá aðila. Ef slíkar aðgerðir væru staðfestar af áfrýjunarnefnd samkeppnismála og eftir atvikum dómstólum væri ekki um að ræða tjón fyrir aðila í venjulegum skilningi þess orðs. Þá hefði aðeins verið staðfest að um ólöglegt ástand hefði verið að ræða sem úrskurður samkeppnisyfirvalda hefði beinst gegn. Sú staðreynd ein að ákvörðun um aðgerðir til að framfylgja ákvæðum samkeppnislaga getur haft í för með sér röskun fyrir þann aðila sem ákvörðun beinist að, getur ekki orðið til þess að samkeppnisyfirvöldum sé óheimilt að taka slíka ákvörðun.

Í þessu sambandi vill samkeppnisráð benda á þau úrræði sem samkeppnisyfirvöldum eru fengin samkvæmt ákvæðum samkeppnislaga ef brot á 27. gr. samkeppnislaga telst sannað. Í fyrsta lagi má nefna, að samkeppnisyfirvöldum er heimilt að banna ólögsmæta hagnýtingu þeirra upplýsinga eða þeirrar þekkingar sem 27. gr. tekur til. Sú heimild felst í orðalagi 27. gr. sjálfrar, sbr. og úrskurður áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 3/1997, Líf og saga ehf. gegn samkeppnisráði. Þá getur samkeppnisráð tekið ákvörðun um beitingu dagsekta ef ákvörðunum ráðsins er ekki framfylgt, sbr. 53. gr. samkeppnislaga. Loks segir í 57. gr. samkeppnislaga að brot gegn lögnum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim varði fésektum, varðhaldi eða fangelsi allt að fjórum árum ef sakir séu miklar. Um slík viðurlög dæma hinir almennu dómstólar landsins. Samkvæmt því er ljóst að samkeppnisráð getur ekki ákveðið viðurlög á grundvelli 57. gr. Jafnframt er ljóst að samkeppnisyfirvöld hafa ekki heimild til að ákveða aðila skaðabætur vegna hugsanlegs tjóns sem hann verður fyrir við það að annar aðili brýtur einhver tiltekin ákvæði samkeppnislaga.

3.

Forsaga 27. gr. samkeppnislaga - Lögskýringargögn

Tengsl við önnur lagaákvæði

Samkeppnislög nr. 8/1993 leystu af hólmi lög nr. 56/1978 um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti. Í 35. gr. þeirra laga var að finna sams konar ákvæði og nú er að finna í 27. gr. samkeppnislaga. Í raun er ákvæði 27. gr. samkeppnislaga tekið orðrétt upp eftir 35. gr. laga nr. 56/1978. Í greinargerð með frumvarpi að samkeppnislögum er að finna ýmsar athugasemdir er lúta að skýringu 27. gr. Þessar skýringar eru að stofni til þær sömu og fylgdu með frumvarpi til laga um verðlag, samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti, sbr. 35. gr. þeirra. Hins vegar eru skýringar við hina síðarnefndu grein að sumu leyti ítarlegri.

Samkvæmt framansögðu er ljóst, að ákvæði samkeppnislaga um vernd atvinnuleyndarmála o.fl. hefur haldist óbreytt frá setningu laga nr. 56/1978. Af ummælum í greinargerð og öðrum lögskýringargögnum þykir mega draga þá ályktun að engin efnisleg breyting hafi verið gerð af hálfu löggjafans á inntaki þessa ákvæðis við setningu samkeppnislaga. Þá þykir og rétt, við skýringu á 27. gr. samkeppnislaga, að líta til þeirra athugasemda sem fylgdu frumvarpi til verðlagslaga, sbr. 35. gr., að svo miklu leyti sem þær eru fyllri og ítarlegri en skýringar við 27. gr. í frumvarpi til samkeppnislaga.

Í athugasemdum við 27. gr. samkeppnislaga kemur fram að um samspil getur verið að ræða á milli þess ákvæðis og annarra laga, t.a.m. laga um einkaleyfi nr. 17/1991. Í athugasemdunum segir að þótt skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt geti engu að síður verið um verndað rekstrarleyndarmál að ræða. Þá hefur Kjötumboðið bent á að t.d. þau nöfn sem kvartandi hefur gefið afurðum sínum geti ekki notið verndar laga um vörumerki nr. 45/1997. Samkvæmt framansögðu geta ákvæði annarra laga tekið til þeirra álitaefna sem leiða af tilvist atvinnuleyndarmála og tengdra atriða. Til viðbótar við þau dæmi sem nefnd hafa verið má nefna höfundalög nr. 73/1972 og lög um hönnunarvernd nr. 48/1993. Hugsanlegt er að úr tilteknu álitaefni verði leyst á grundvelli ákvæða í þessum lögum eða öðrum sérlægum. Hins vegar er ljóst að fyrir hendi kunna að vera álitaefni sem ekki verða leyst á grundvelli neinna annarra lagaákvæða en þeirra sem getur í samkeppnislögum, þ.e. 27. gr. þeirra. 27. gr. er almennt ákvæði sem stuðla á að vernd atvinnuleyndarmála, ekki síst þeirra sem ekki njóta sérstakrar verndar samkvæmt öðrum lögum.

4.

Verndarhagsmunir skv. 27. gr. - Andlag verndar

Hvað eru rekstrar- og atvinnuleyndarmál?

Í máli þessu heldur kvartandi því fram, að Kjötumboðið og tveir fyrrverandi starfsmenn Íslensks-fransks (síðar Íslenskt-franskt eldhús) hafi brotið gegn rétti kvartanda samkvæmt 27. gr. samkeppnislaga. Kvartandi hafi keypt framleiðslurétt á ýmsum kjötpatéum, uppskriftir o.fl. af Íslensku-frönsku. Í kaupsamningnum komi fram að seljandi og þeir eigendur sem jafnframt séu stjórnendur hjá honum skuldbindi sig til þess að hefja ekki framleiðslu á vörum úr kjöti, sambærilegum þeim sem seljandi hafi framleitt, í minnst fimm ár frá dagsetningu kaupsamningsins. Nafni Íslensks-fransks hafi verið breytt í Íslenskt-franskt eldhús og hafi fyrirtækið hafið framleiðslu á fiskpatéum. Tveir starfsmenn Íslensks-fransks hafi haldið áfram störfum fyrir hið nýja fyrirtæki, Íslenskt-franskt eldhús, en hætt eftir skamman tíma og hafið störf hjá Kjötumboðinu. Þar hafi þeir síðan stjórnað framleiðslu á kjötpatéum sem líkist mjög þeim patéum sem kvartandi hafi keypt framleiðslurétt á frá Íslensku-Frönsku. Af hálfu kvartanda er á því byggt að starfsmennirnir fyrrverandi hafi yfirfært þekkingu og starfsreynslu frá Íslensku-frönsku yfir til Kjötumboðsins með ólögætum hætti. Kvartandi telur að starfsmönnum hafi mátt vera ljóst að um atvinnuleyndarmál væri að ræða og eins liggi það í hlutarins eðli. Starfsmennirnir hafi því brotið gegn 2. og 3. mgr. 27. gr. með því að veita Kjötumboðinu upplýsingar um atvinnuleyndarmál og með því að hagnýta sér þau. Kjötumboðið brjóti hins vegar gegn 1. og 4. mgr. 27. gr.

Kjötumboðið, Hólmgrímur Rósenbergsson og Hörður Reynisson mótmæla framangreindum sjónarmiðum kvartanda. Af þeirra hálfu er því haldið fram að þeim Hólmgrími og Herði hafi verið sagt upp hjá Íslensku-frönsku þegar ljóst varð að fyrirtækið hugðist selja kjötdeild sína til kvartanda. Þeir hafi samþykkt að aðstoða við að koma af stað framleiðslu á fiskpaté hjá Íslensku-frönsku eldhúsi en að því loknu hafi þeir ráðið sig til starfa hjá Kjötumboðinu. Þeir hafi tilkynnt forsvarsmönnum Íslensks-fransks eldhúss um þá ákvörðun og hafi ekki verið gerðar athugasemdir við það. Við starfslok hjá Íslensku-frönsku hafi þeir Hólmgrímur og Hörður ekki haft með sér neinar uppskriftir eða aðrar upplýsingar sem geti talist atvinnuleyndarmál í skilningi 27. gr. samkeppnislaga. Þeir hafi hins vegar búið yfir almennri þekkingu og reynslu vegna áralangra starfa sinna á matvælasviði en slík atriði geti ekki flokkast undir atvinnuleyndarmál.

Samkvæmt framansögðu snýst mál þetta að verulegu leyti um túlkun á því hvað teljist vera atvinnuleyndarmál í skilningi 27. gr. samkeppnislaga og hvernig vernd þeirra og skyldra atriða í rekstri fyrirtækja er háttað. Í athugasemdum í greinargerð með 27. gr. samkeppnislaga er allítarlega fjallað um inntak ákvæðisins. Þar segir að reglurnar byggja á því að fyrirtæki eigi rétt á lögvernd þeirra hagsmuna sem felist í því að ákveðnum þáttum varðandi starfsemi þeirra, er snerti sérstaklega samkeppnisstöðu, sé haldið leyndum, þ.e.a.s. upplýsingum um þessa þætti sé haldið innan fyrirtækjanna. Í athugasemdunum segir að um geti verið að ræða rekstrarleyndarmál sem séu ýmis tæknileg atriði, s.s. tæknilegar ráðstafanir sem nýttar eru við framleiðslu á vöru. Jafnframt megi tala um verslunar- eða viðskiptaleyndarmál sem geta lotið að samskiptum fyrirtækis við viðskiptavini, sölu- og innkaupaskipulagi, markaðsrannsóknnum o.fl.

Þessu næst er vikið að almennri þekkingu og reynslu sem starfsmaður hagnýti við störf sín. Þau atriði geti ekki talist til atvinnuleyndarmála. Til að um atvinnuleyndarmál sé að ræða þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfsemina. Jafnframt segir að gera verði þær kröfur til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækis eða starfsemi eða það liggja í hlutarins eðli, svo að ekki verði um villst, að ætlast sé til slíkrar leyndar.

Í athugasemdunum segir að um atvinnuleyndarmál geti verið að ræða enda þótt fleiri en eigandi eða stjórnandi viðkomandi starfsemi þekki það. Til þess að

unnt sé að hagnýta atvinnuleyndarmál, verði venjulega einn eða fleiri starfsmenn, sem háðir séu þagnarskyldu, að þekkja það. Eftir því sem fleiri, sem ekki séu háðir þagnarskyldu, þekki atvinnuleyndarmál verði meiri vafi um hvort hagsmunirnir séu þess eðlis, að þeir eigi að njóta verndar sem atvinnuleyndarmál.

Þessu næst er vikið að erlendu hugtaki sem kallað hefur verið „know-how“. Í athugasemdunum segir að afmörkun þess hugtaks gagnvart atvinnuleyndarmálum sé óljós. Talað sé um „know-how“ á sviði iðnaðar, viðskipta, fjármála og stjórnunar. „Know-how“ á sviði iðnaðar hafi þó skipt mestu máli. Þróun framleiðslutækni fari fram í ríkum mæli með þeim hætti að umbætur eða endurbætur á tæknilegum atriðum verði smám saman. Þessar umbætur kunni hver fyrir sig að vera óverulegar en þegar allir þættir komi saman kunni þeir að hafa úrslitapýðingu fyrir samkeppnishæfni fyrirtækis. Slík þekking og reynsla, sem sé árangur tilrauna til aukinnar tækni, sé oft nefnd „know-how“. Segja megi að „know-how“ sé einskonar millistig milli atvinnuleyndarmála og almennrar tækniþekkingar. Hafi „know-how“ í sér fólgið atvinnuleyndarmál njóti það verndar sem slíkt, annars ekki. „Know-how“ njóti því ekki verndar samkvæmt 35. gr. nema það hafi að geyma atvinnuleyndarmál eða geti fallið undir aðra vernd ákvæðisins

Í erlendum fræðiritum hefur nokkuð verið fjallað um þá hagsmuni sem eigi að njóta verndar sérstakra lagaákvæða um atvinnuleyndarmál. Þau atriði sem telja má opinber eða á allra vitorði geta ekki fallið undir atvinnuleyndarmál. Hins vegar hefur verið nefnt að upplýsingar, sem eru að hluta til opinberar og að hluta til óopinberar, geta sem ein heild verið taldar falla undir atvinnuleyndarmál. Þá má nefna að ef aðili hefur lagt í vinnu við að safna saman ýmsum upplýsingum, túlka þær og nýta síðan í rekstri, getur verið um að ræða atvinnuleyndarmál í skilningi laga.¹ Á sama hátt hefur verið talið að sé um upplýsingar að ræða sem eru óaðgengilegar almenningi eða að almenningur eigi af einhverjum ástæðum erfitt um vik með aðgang að slíkum upplýsingum, þá geti þær fallið undir atvinnuleyndarmál.

Ljóst er að upplýsingar þurfa ekki að varða flókna hluti til að falla undir atvinnuleyndarmál. Þvert á móti má segja að því einfaldari sem hugmynd er, því meiri ástæða er til að vernda hana. Þá er ekki um atvinnuleyndarmál að ræða fyrir það eitt að um mikið magn upplýsinga er að ræða, t.d. ítarlegar

¹ Restraint of Trade and Business Secrets, Mehigan og Griffiths, bls. 51 o. áfr.

útlistanir á tilteknu framleiðsluferli. Ef ferlið er vel þekkt eða kunnugt almenningi er ekki um atvinnuleyndarmál að ræða. Þó verður að hafa í huga það sem að framan greinir að safn upplýsinga, þar sem hver þáttur fyrir sig er e.t.v. aðgengilegur almenningi eða honum kunnur, getur notið verndar sem atvinnuleyndarmál. Þar ræður úrslitum sú staðreynd að aðili hefur lagt vinnu og hugsun í að taka þessar ákveðnu upplýsingar saman og sem ein heild hafa þær ákveðið gildi. Hér má t.d. nefna upplýsingar um eða lista yfir vænlega viðskiptavini.

Mikilvægt er að hafa í huga, að upplýsingar sem starfsmaður fær vitneskju um við eðlilega starfrækslu vinnu sinnar og verður hluti af almennri þekkingu hans í því sambandi falla almennt ekki undir atvinnuleyndarmál. Slíkar upplýsingar geta varðað viðskiptavini fyrirtækis, verð á framleiðsluvörum og ýmsar aðrar tæknilegar og viðskiptalegar upplýsingar. Hins vegar geta mörkin á milli þess hvenær um er að ræða atvinnuleyndarmál annars vegar og almenna þekkingu starfsmanns hins vegar verið óljós. Jafnframt geta vaknað spurningar um hvort tiltekin þekking starfsmanns sem hann aftar sér í starfi sínu sé almenn þekking hans sem honum er frjálst að nýta sér að starfi loknu eða hvort slík þekking falli undir „know-how“ sem eftir atvikum getur notið verndar 27. gr. samkeppnislaga.

Þegar metið er hvort tilteknar upplýsingar eigi að njóta verndar sem einhvers konar atvinnuleyndarmál er mikilvægt að hafa í huga, að upplýsingarnar þurfa ekki að vera með einhverjum hætti algerlega nýjar af nálinni eða hlaðnar frumleika til að geta notið verndar. Í enskum rétti er t.d. talið að um trúnaðargögn eða -upplýsingar geti verið að ræða, t.d. uppskrift, áætlun, teikningu o.þ.h., sem sé verk tiltekins manns, jafnvel þótt upplýsingar um einstaka þætti séu aðgengilegar öllum. Það sem gerir viðkomandi upplýsingar að leyndarmáli er sú staðreynd að aðilinn sem útbjó þau notaði til þess þekkingu sína og hæfileika og framleiddi þannig afurð sem ekki verður framleidd af öðrum nema þeir hinir sömu fari í gegnum sama ferli.²

Með vísan til málavaxta í þessu máli er ástæða til að fara nokkrum orðum um samskipti starfsmanna við fyrrum vinnuveitanda sinn sérstaklega. Eins og áður hefur verið nefnt er starfsmanni almennt heimilt að nýta sér þá almennu þekkingu og reynslu sem hann hefur öðlast í starfi fyrir tiltekin vinnuveitanda, eftir að vinnusambandi þeirra lýkur. Það getur gerst með því að starfsmaður

² W.R. Cornish, Intellectual Property: Patents, Copyright, Trade Marks and Allied Rights, 1989, bls.220.

hefur störf hjá keppinauti eða að starfsmaður stofnar sjálfur til rekstrar í samkeppni við fyrrum vinnuveitanda sinn. Við mat á því hvort starfsmaður er hins vegar að nýta sér upplýsingar eða þekkingu sem falla undir atvinnuleyndarmál er unnt að taka mið af fjórum atriðum. Í fyrsta lagi má líta til eðlis þess rekstrar sem um ræðir, þ.e. hvort algengt sé að höndlað sé með atvinnuleyndarmál á því sviði. Í öðru lagi má líta til eðlis þeirra upplýsinga sem um ræðir hverju sinni. Í þriðja lagi má hafa hliðsjón af því hvaða augum vinnuveitandinn leit þessar upplýsingar. Í fjórða lagi má líta til þess hversu auðvelt er að aðgreina þær upplýsingar sem um ræðir frá öðrum almennum upplýsingum eða almennri þekkingu sem ekki geti notið verndar. Efnaformúlur, lýsingar á tæknilegu framleiðsluferli og beinar viðskiptalegar upplýsingar eru dæmi um atriði sem gætu notið verndar, jafnvel eftir að vinnusambandi er lokið.

Þegar meta þarf hvort upplýsingar eða þekking af framangreindum toga beri að njóta verndar í þeim skilningi að fyrrum starfsmanni sé óheimilt að hagnýta sér upplýsingarnar eða þekkinguna eða veita upplýsingar um þessi atriði skiptir miklu máli hvernig til verndarinnar er stofnað. Í sumum tilfellum leiðir það af eðli málsins að atriðin eigi að njóta verndar en í öðrum hvílir sú skylda á vinnuveitandanum að virkja verndina með beinum hætti, t.d. með samningi við fyrrum starfsmann sinn. Nánar verður fjallað um þessi atriði síðar. Þó er ljóst að gera verður greinarmun í fyrsta lagi á milli atvinnuleyndarmála sem njóta verndar vegna eðlis þeirra, í öðru lagi upplýsinga sem starfsmaður hefur aflað sér vegna starfa sinna fyrir fyrrum vinnuveitanda og njóta aðeins verndar á grundvelli samnings eða ákvaðar af hálfu vinnuveitandans og í þriðja lagi almennrar þekkingar starfsmanns sem engin leynd hvílir yfir. Í því sambandi verður að gera ríkar sönnunarkröfur til þess sem telur að tiltekna upplýsingar eða þekking eigi að njóta verndar 27. gr. samkeppnislaga. Á honum hvílir sú skylda að sanna, að viðkomandi upplýsingar eða þekking séu þess eðlis að þær geti notið verndar og að fyrir hendi séu aðstæður sem virki þá vernd, annað hvort eðli þeirra atriða sem um ræðir eða samningur eða ákvöð um það efni.

Eins og áður hefur verið vikið að er hugtakið „know-how“ ekki skilgreint nákvæmlega í samkeppnislögum eða í greinargerð með þeim lögum. Hins vegar getur afmörkun á „know-how“ gagnvart atvinnuleyndarmálum og skilgreining á „know-how“ sérstaklega skipt máli um þá vernd sem vinnuveitandi nýtur gagnvart t.d. fyrrum starfsmönnum sínum, t.a.m. ef fyrrum starfsmaður hefur störf hjá keppinaut og ástæða er til að ætla að hann hafi haft

með sér upplýsingar eða þekkingu frá fyrrum vinnuveitanda sínum sem ástæða sé til að vernda.

Í reglugerðum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins³ er fjallað nokkuð um „know-how“ og skilgreiningu á því hugtaki.⁴ Í skilningi reglugerðar nr. 240/1996 merkir „know-how“ safn tæknilegra upplýsinga sem eru leynilegar, þýðingarmiklar og greinanlegar á tilteknu formi. Með leynilegum upplýsingum sé átt við að viðkomandi „know-how“ sé ekki aðgengilegt eða þekkt almenningi í því formi sem það kemur fyrir eða eins og það sé nákvæmlega saman sett. Ekki beri að skilja skilyrðið svo þröngt að hver þáttur viðkomandi „know-how“ sé algjörlega óþekktur eða að ógjörningur sé að nálgast upplýsingar þar um nema frá viðkomandi leyfishafa.

Með þýðingarmiklum upplýsingum sé átt við að „know-how“ innihaldi upplýsingar sem séu gagnlegar í þeim skilningi að leyfishafi njóti samkeppnislegs forskots á keppinauta sína á grundvelli viðkomandi „know-how“. Loks verður „know-how“ að vera greinanlegt, þ.e. því verður að vera lýst eða það kynnt með einhverjum þeim hætti að unnt sé að merkja hvort það sé leynilegt og þýðingarmikið.

Eins og áður hefur verið vikið að er tilgangur 27. gr. samkeppnislaga að vernda atvinnuleyndarmál, þ.e. rekstrar- og viðskiptaleyndarmál, í víðri merkingu. Samkvæmt 1. mgr. 27. gr. er óheimilt að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum tiltekinnar starfsemi. Ákvæðið nær bæði til starfsmanna viðkomandi fyrirtækis og utanaðkomandi aðila. Svokallaðar iðnaðarnjósir falla því einnig hér undir. Í 2. mgr. 27. gr. er lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Ákvæðið tekur því aðeins til þeirra sem eru í sérstökum tengslum við viðkomandi starfsemi. Þá verndar ákvæðið aðeins atvinnuleyndarmál, þ.e. rekstrar- og viðskiptaleyndarmál sem uppfylla þau skilyrði sem reifuð hafa verið að framanverðu. „Know-how“ sem felur í sér atvinnuleyndarmál væri einnig verndað samkvæmt þessari grein.

³ Reglugerð nr. 240/1996 frá 31. janúar 1996 um hópundanþágur á grundvelli 3. mgr. 85. gr. Rómarsáttmálans gagnvart tilteknum flokkum samninga um tæknilega yfirfærslu.

⁴ Reglugerð 240/96 var felld inn í EES-samninginn á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 12/97 og hefur öðlast gildi hér á landi, sbr. reglugerð nr. 229/1997 um breytingu á reglugerð um efnislegar samkeppnisreglur í samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, nr. 594/1993, með síðari breytingum.

Í 3. mgr. 27. gr. er lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingu, uppskriftum, líkönum o.þ.h. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað það sem ætlunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina getur fallið „know-how“ sem ekki er atvinnuleyndarmál. Samkvæmt þessu er ljóst að í 3. mgr. 27. gr. er vernd ákvæðisins víkkuð talsvert út þannig að undir verndina falli atriði sem uppfylla ekki skilyrði til að teljast atvinnuleyndarmál. Af forsögu ákvæðisins og greinargerð með samkeppnislögum má ráða að ætlunin hafi verið að miða ekki við leyndina sem slíka, þ.e. að ekki þurfi að kanna hvort þau atriði sem um ræði hverju sinni fullnægi skilyrðum til að geta talist leyndarmál af einhverju tagi. Þess í stað hafi verið talin upp í málsgreininni öll þau andlög sem geti njóti verndar. Samkvæmt þessu virðist nægja að sanna, að aðila hafi verið trúað fyrir einhverju því sem í ákvæðinu er nefnt, t.d. lýsingu, til að honum sé þar með óheimilt að hagnýta sér eða veita upplýsingar um það atriði. M.ö.o. ef sannað er að aðila hafi verið trúað fyrir t.d. uppdrætti er honum óheimilt að hagnýta sér eða veita upplýsingar um hann, hvort sem uppdrátturinn uppfyllir skilyrði til þess að geta talist atvinnuleyndarmál eða ekki.

Samkvæmt þessu þykir ljóst að 3. mgr. 27. gr. felur í sér verulega aukna vernd samanborið við 2. mgr. gagnvart þeim aðilum sem nefndir eru í 3. mgr., svo lengi sem um einhver þau andlög er að ræða sem í málsgreininni eru nefnd. Í greinargerðinni er ráðgert að takmarka verndina við ákveðin andlög sem þar eru nefnd. Hins vegar segir í greininni að uppdrættir, lýsingar, uppskriftir, líkön **og þess háttar** falli undir vernd greinarinnar. Orðalagið „og þess háttar“ veldur því að tæpast er unnt að líta á upptalninguna í 3. mgr. sem tæmandi. Sé það rétt mun framkvæmd ákvæðisins geta orðið erfiðleikum bundin þar sem fjölmörg atriði megi fella undir vernd ákvæðisins. Þá verður að telja að margskonar ólík atriði geti fallið undir það að vera lýsing í skilningi 3. mgr. 27. gr. Ekki verður séð að það sé skilyrði samkvæmt ákvæðinu að lýsing sé sett fram skriflega, öfugt við t.d. uppskrift eða uppdrátt enda felst það beinlínis í þeim orðum að um skriflegar upplýsingar sé að ræða. Jafnframt hlýtur líkan að birtast í áþreifanlegu formi.

Niðurstaðan um vernd vinnuveitanda/fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum er því sú, að uppfylli tiltekna upplýsingar þær kröfur sem gerðar eru til atvinnuleyndarmála þá njóta þær verndar samkvæmt 2. mgr. 27. gr. samkeppnislaga. Ef upplýsingarnar uppfylla ekki þessi skilyrði en aðila, vegna starfs eða stöðu að öðru leyti, er trúað fyrir þeim með tilteknum hætti, eða að

upplýsingarnar birtast á tilteknu formi, þá njóta þær verndar samkvæmt 3. mgr. 27. gr.

Í því máli sem hér er til umfjöllunar hefur kvartandi haldið því fram að sú þróunarvinna við fjöldaframleiðslu á paté sem fór fram hjá Íslensku-frönsku, og kvartandi keypti ásamt með öðrum þáttum tengdum framleiðslu Íslensku-frönsks á kjötpatéum, falli undir atvinnuleyndarmál. Í því sambandi skipti ekki máli að til séu uppskriftir að patéum í matreiðslubókum og víðar sem séu öllum aðgengilegar. Með vísan til þess sem að framan greinir telur samkeppnisráð að sérstakar aðferðir við framleiðslu á vöru, í þessu tilfalli paté, geti fallið undir vernd 27. gr. samkeppnislaga, sbr. 3. mgr. 27. gr. Ljóst má telja að til fjöldaframleiðslu á umræddri vöru er þörf töluverðrar þekkingar sem ekki verður fengin öðruvísi en með prófunum og rannsóknum af hálfu framleiðanda. Slík þekking hefur í sér fólgið verðmæti sem eiganda þekkingarinnar er heimilt að selja frá sér kjósi hann svo. Ef þekkingin nyti ekki verndar gegn því að aðrir aðilar, t.d. fyrrverandi starfsmenn, hagnýti sér hana í eigin þágu eða í þágu keppinauta væri ljóst, að þekkingin væri verðlaus eða a.m.k. verulega verðminni en ella.

Samkeppnisráð telur því að sú þróunarvinna sem kvartandi festi kaup á frá Íslensku-frönsku, ásamt með uppskriftum og öðrum þáttum tengdum framleiðslu Íslensku-frönsku á kjötpaté, geti fallið undir ákvæði 27. gr. samkeppnislaga og notið verndar þess.

Að fenginni þessari niðurstöðu kemur til skoðunar hvort þeir Hólmgrímur Rósenbergsson og Hörður Reynisson og/eða Kjötumboðið hafi brotið gegn ákvæði 27. gr. með því að Hólmgrímur og Hörður hófu störf hjá Kjötumboðinu við að framleiða kjötpaté.

5.

Skilyrði þess að vernd 27. gr. verði virk. -

Samskipti starfsmanns og vinnuveitanda. -

Sönnunarkröfur

Í máli þessu hefur kvartandi haldið því fram að þeir Hólmgrímur og Hörður hafi sagt upp að eigin frumkvæði hjá Íslensku-frönsku eldhúsi. Við það tækifæri hafi þeim verið kynnt þau ákvæði samkeppnislaga sem máli skiptu, þ.m.t. 27. gr. þeirra. Þeim Hólmgrími og Herði hafi verið kynntar þær takmarkanir sem samkeppnislög settu þeim eftir áralangt starf hjá Íslensku-frönsku og síðar Íslensku-frönsku eldhúsi.

Kjötumboðið og þeir Hörður og Hólmgrímur hafa mótmælt þessu. Af þeirra hálfu kemur fram að til að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. 27. gr. samkeppnislaga verði krafa um leynd að hafa verið látin í ljós eða að það liggi í hlutarins eðli. Krafa um leynd hafi aldrei verið látin í ljós af hálfu Íslensks-fransks eldhúss, jafnvel þótt forsvarsmenn þess fyrirtækis hafi vitað fyrirfram að þeir Hólmgrímur og Hörður hafi tekið ákvörðun um að ráða sig til starfa hjá Kjötumboðinu. Þá er því einnig mótmælt að sérstaklega hafi verið farið yfir ákvæði 27. gr. samkeppnislaga með þeim Hólmgrími og Herði.

Samkvæmt framansögðu greinir aðila á um það hvort gerð hafi verið krafa um það gagnvart þeim Hólmgrími og Herði að þeir færu með tiltekin atriði úr rekstri Íslensks-Fransks sem atvinnuleyndarmál, eða að það liggi í hlutarins eðli, en það er skilyrði fyrir því að vernd 27. gr. verði virk.

Samkeppnisráð telur að unnt sé að virkja vernd 27. gr. með tvennum hætti. Annars vegar getur fyrirtæki gert samning við starfsmenn sína um að farið skuli með tiltekin atriði í rekstri fyrirtækis sem atvinnuleyndarmál. Í slíkum samningi gæti fyrirtæki komið við einhvers konar banni gagnvart starfsmönnum sínum um hagnýtingu slíkra upplýsinga. Í þessu sambandi er ástæða til að benda á að skv. 37. gr. samningalaga nr. 7/1936, með síðari breytingum, er gert ráð fyrir því að unnt sé að gera samninga um að loforðsgjafi (t.d. starfsmaður) reki ekki starfsemi í samkeppni við loforðsmóttakanda (t.d. vinnuveitanda) eða ráði sig til keppinautar. Slík skylda má þó ekki vera víðtækari en nauðsynlegt er eða skerða með ósanngjörnum hætti atvinnufrelsi loforðsgjafa. Í því sambandi má benda á hæstaréttardóm 1995:1646. Þar reyndi á gildi samnings milli fyrirtækis og fyrrverandi starfsmanns um að starfsmanninum væri óheimilt að selja tiltekin búnað eða taka að sér þjónustu vegna slíks búnaðar, í fimm ár eftir að starfsmaður lauk störfum hjá fyrirtækinu. Niðurstaða héraðsdóms, m.a. með vísan til meginreglu samningaréttarins um skuldbindingargildi samninga, var að hinum umrædda samningi bæri að hafa nokkurt gildi. Hins vegar var talið óhæfilegt að skerða atvinnufrelsi starfsmannsins svo lengi sem krafist var. Taldi héraðsdómur hæfilegt að bannið gilti í þrjú ár. Í dómi Hæstaréttar var fallist á rökstuðning héraðsdóms í aðalatriðum en talið að bannið ætti ekki að gilda lengur en í tvö ár.

Þá verður að telja að fyrirtæki geti einnig beint skriflegri ákvöð að starfsmanni þess efnis að krafist sé leyndar yfir tilteknum upplýsingum eða tiltekinni

þekkingu eða gert starfsmanni munnlega grein fyrir því að fyrirtæki telji tiltekin atriði vera atvinnuleyndarmál og að starfsmanni sé því óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum upplýsingar um efni þeirra í tiltekinn tíma o.s.frv. Að þessu leyti verður ekki gerður greinarmunur á annars vegar atvinnuleyndarmálum skv. 2. mgr. 27. gr. og hins vegar þeim atriðum sem fallið geta undir 3. mgr. 27. gr. Í 3. mgr. 27. gr. er vísað til þess að aðila sé trúað fyrir tilteknum upplýsingum. Í því felst að aðila sé gerð grein fyrir því að viðkomandi upplýsingar séu láttnar í té sem trúnaðarmál. Jafnvel þótt þau atriði sem falla undir 3. mgr. 27. gr. þurfi ekki að uppfylla skilyrði þess að geta talist atvinnuleyndarmál verður aðila, sem meina á að hagnýta sér tiltekna þekkingu eða veita upplýsingar um hana, að vera ljóst að slíks trúnaðar sé krafist.

Hins vegar getur aðstaðan verið sú að það liggi í hlutarins eðli að með tiltekin atriði skuli fara sem atvinnuleyndarmál. Hér þarf að koma til mat á því hvenær um slíkar aðstæður sé að ræða. Þetta hefur verið orðað svo, að ef skynsamur maður, sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinga, gæti séð að honum hefðu af eðlilegum ástæðum verið afhentar upplýsingar eða þekking í trúnaði, þá nægði það til þess að telja að viðtakandi upplýsinganna væri bundinn trúnaði um þær upplýsingar.⁵ Við mat á því hvort upplýsingar eða þekking njóti trúnaðar vegna þessa verður að líta til þeirra kringumstæðna þar sem upplýsinganna er aflað. Þá verður jafnframt að hafa í huga hvort sömu aðstæður eigi við í samskiptum starfsmanns og fyrirtækis annars vegar og í samskiptum fyrirtækis við þriðja aðila hins vegar. Hvað sem öðru líður er ljóst að gera verður ríkar kröfur til þess að hægt sé að fallast á að tilteknar upplýsingar eða tiltekin þekking njóti verndar af þeirri ástæðu að það liggi í hlutarins eðli.

Áður hefur reynt á þetta skilyrði fyrir samkeppnisráði. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 37/1994, Kvörtun Besta hf. vegna óréttmætra viðskiptahátta Ásgeirs Ásgeirssonar, sagði svo um 27. gr.: „*Ekki verður séð að Ásgeir Ásgeirsson hafi vegna starfs síns hjá Burstagerðinni hf. skaðað hagsmuni kærandans Besta hf. á þann hátt að 27. gr. samkeppnislaga eigi hér við. Í því sambandi skiptir máli að ekki verður séð af gögnum málsins að ósk um sérstaka leynd hafi verið sett fram af hálfu Burstagerðarinnar hf., auk þess sem allmargir aðilar komu að hönnun umbúðanna. Ásgeir Ásgeirsson gat því ekki vitað að um atvinnuleyndarmál gæti verið að ræða.*“

⁵ Restraint of Trade and Business Secrets, bls. 60.

Þá reyndi á ákvæði 27. gr. í málum er vörðuðu kvartanir Lífs og sögu ehf. yfir útgáfu Miðlunar ehf. á bókinni *Dear Visitor*. Í ákvörðun samkeppnisráðs nr. 16/1996 sagði um þetta efni að ekki hefði verið sýnt fram á af hálfu kvartanda að hann hefði krafist þess af fyrrverandi starfsmanni sínum að hann færi leynt með þá þekkingu sem hann aflaði sér í starfi sínu fyrir kvartanda. Ekki verði heldur litið svo á að það liggi í hlutarins eðli að sú þekking eða reynsla sem fælist í útgáfu á umræddu riti teldist til atvinnuleyndarmála. Málið kom aftur til kasta samkeppnisráðs í ákvörðun nr. 41/1996 og varð niðurstaða ráðsins sú sama. Þeirri ákvörðun var skotið til áfrýjunarnefndar samkeppnismála sem komst að gagnstæðri niðurstöðu. Í úrskurði áfrýjunarnefndarinnar, nr. 3/1997, sagði um þetta atriði: „*Telja verður að atriði við frumhönnun, útlit og efni bókar af þeirri gerð sem hér um ræðir geti falið í sér atvinnuleyndarmál sem eðlilegt sé að eigi að fara leynt. Það gildir án tillits til þess hvernig réttarstaða að höfundarétti kann að horfa við. Ekki ræður úrslitum í þessu sambandi þótt unnt sé að finna sambærileg rit erlendis. Aðalatriðið er hvort sú sérstaka þekking sem hafði áunnist við útgáfu bókarinnar Gestis hafi með einhverjum hætti nýst fyrirtækinu Miðlun ehf. er ritstjórinn hóf þar störf sem ritstjóri bókarinnar Dear Visitor, þannig að óeðlilegt megi teljast út frá samkeppnissjónarmiðum. Áfrýjunarnefnd samkeppnismála telur að atvinnuleyndarmál hafi verið rofið með óeðlilegum hætti í tengslum við útgáfu bókarinnar Dear Visitor.*“ Með vísan til þessa var hin áfrýjaða ákvörðun samkeppnisráðs felld úr gildi.

Í þessu máli hefur kvartandi haldið því fram að þeim Hólmgrími og Herði hafi verið kynnt ákvæði samkeppnislaga eftir að þeir hættu störfum hjá Íslensku-rönsku og þær skyldur sem á þeim hvíldu vegna þeirra. Þessu hafa Hörður og Hólmgrímur mótmælt. Að þeirra sögn var því aldrei lýst yfir af hálfu Íslensks-fransks að tilteknir þættir í framleiðslu fyrirtækisins, sem Hólmgrími og Herði hafði orðið kunnugt um vegna starfa sinna fyrir fyrirtækið, væru atvinnuleyndarmál.

Samkeppnisráð telur að sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu að krafa um leynd hafi verið látin í ljós hvíli á kvartanda í þessu máli. Kvartandi leiðir rétt sinn gagnvart Hólmgrími og Herði frá viðsemjanda sínum, Íslensks-fransks, sem var vinnuveitandi þeirra Hólmgríms og Harðar áður en framleiðsluréttur á kjötpatéum var seldur til kvartanda. Í þessu felst að á kvartanda hvílir sönnunarbyrði fyrir því að krafa um leynd hafi verið látin í ljós gagnvart Hólmgrími og Herði eða að kvartandi sýni fram á að slík leynd hafi legið í hlutarins eðli og að umræddum mönnum hafi því mátt vera um hana kunnugt. Í

Þessu sambandi verður að hafa í huga, að sá sem hefur hagsmuni af því að farið sé með tilteknar upplýsingar eða tiltekna þekkingu sem atvinnuleyndarmál verður að gæta þeirra hagsmuna sinna og neyta í því skyni þeirra úrræða sem lög leyfa. Þeim hagsmunum er best borgið með því að fyrirtæki eða aðili sem á hagsmuna að gæta, krefjist leyndar með sannanlegum hætti af starfsmönnum eða að fyrir liggi samningar sem með sambærilegum hætti tryggi framangreinda hagsmuni.

Í málinu liggja ekki frammi nein skrifleg gögn er sanna að kvartandi eða Íslenskt-franskt hafi krafist þess gagnvart Hólmgrími og Herði að þeir færu með tilteknar upplýsingar eða þekkingu úr starfi sínu fyrir Íslenskt-franskt sem atvinnuleyndarmál. Þá standa fullyrðingar kvartanda um að Hólmgrími og Herði hafi verið kynnt ákvæði samkeppnislaga gegn fullyrðingum nefndra manna um að það hafi ekki verið gert. Með vísan til þessa telur samkeppnisráð að kvartanda hafi ekki tekist að sanna að krafa um leynd hafi verið sett fram gagnvart umræddum mönnum eða að þeim hafi með öðrum hætti verið kynnt sú afstaða kvartanda eða Íslensks-fransks að leynd ætti að hvíla yfir tilteknum upplýsingum eða þekkingu sem Hólmgrímur og Hörður kunna að hafa aflað sér í störfum sínum fyrir Íslenskt-franskt. Þá fellst samkeppnisráð ekki á að krafa um leynd vegna þeirra atriða sem mál þetta fjallar um hafi legið í hlutarins eðli. Er þá m.a. haft í huga að ekki hefur verið sýnt fram á með nákvæmum hætti hver þau atriði eru við fjöldaframleiðslu á kjötpaté sem njóta eigi verndar sem atvinnuleyndarmál. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með vísan til þess sem að framan greinir er það niðurstaða samkeppnisráðs að ekki séu tilefni til aðgerða af hálfu ráðsins á grundvelli 27. gr. samkeppnislaga vegna kröfu kvartanda í máli þessu.

6.

Önnur ákvæði samkeppnislaga

Í máli þessu hefur kvartandi haldið því fram að Kjötumboðið brjóti gegn ákvæðum 20., 21. og 25. gr. samkeppnislaga. Sú meinta háttsemi Kjötumboðsins, að hagnýta sér með ólögum hætti atvinnuleyndarmál kvartanda, auk kynningar og markaðssetningar á paté-framleiðslu Kjötumboðsins, brjóti í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr. samkeppnislaga. Þá veiti Kjötumboðið villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eftir framleiðslu kvartanda og sé það brot á 21. gr. Loks auðkenni Kjötumboðið framleiðslu sína með þeim hætti að leitt geti til þess að villst verði á henni og þeirri framleiðslu sem kvartandi noti með fullum rétti, sbr. 25. gr.

Af hálfu Kjötumboðsins er framangreindum sjónarmiðum kvartanda mótmælt. Kjötumboðið telur að ekkert í háttsemi fyrirtækisins almennt né hvað varði kynningu og markaðssetningu á paté-framleiðslu þess brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi. Þá hafi ekkert verið sett fram af hálfu Kjötumboðsins sem sé rangt, ófullnægjandi eða villandi og þannig til þess fallið að hafa áhrif á eftirspurn eftir vörum kvartanda. Allar upplýsingar um vöruna hafi verið réttar, tilgreint sé að Kjötumboðið/Goði framleiði vörunar og skýrt sé frá því að þeir starfsmenn sem sjái um framleiðsluna hafi áður starfað hjá Íslensku-frönsku.

Þá er því mótmælt að umbúðir um vörur Kjötumboðsins séu til þess fallnar að villst verði á þeim og framleiðsluvörum kæranda. Þau nöfn sem Kjötumboðið noti vísi í flestum tilfellum til þess innihalds sem í vörunni sé. Slík nöfn sé ekki hægt að fá skráð sem vörumerki þar sem þau uppfylli ekki skilyrði vörumerkjalaga í því sambandi.

Að framanverðu hefur verið gerð grein fyrir þeirri niðurstöðu samkeppnisráðs að ekki sé um brot að ræða á 27. gr. í máli þessu af hálfu Kjötumboðsins eða fyrrverandi starfsmanna Íslensks-fransks sem nú starfa fyrir Kjötumboðið. Af því leiðir að sú „háttsemi“ Kjötumboðsins að hagnýta sér þá þekkingu á paté-gerð sem hinir fyrrverandi starfsmenn bjuggu yfir brýtur ekki í bága við góða viðskiptahætti, sbr. 20. gr. Þá hefur heldur ekki verið sýnt fram á með öðrum hætti að Kjötumboðið hafi brotið í bága við ákvæðið. Samkvæmt því telur samkeppnisráð ekki að um brot á 20. gr. samkeppnislaga sé að ræða í máli þessu.

Til stuðnings því sjónarmiði sínu að Kjötumboðið hafi brotið gegn 21. gr. samkeppnislaga hefur kvartandi lagt fram kynningarefni frá Kjötumboðinu er lýtur að framleiðslu fyrirtækisins á paté. Í því kynningarefni kemur fram að Kjötumboðið/Goði hafi hafið framleiðslu á paté og að þeir Hólmgrímur Rósenbergsson og Hörður Reynisson sjái um framleiðsluna. Jafnframt kemur fram að þeir séu fyrrum starfsmenn Íslensks-fransks. Samkeppnisráð fellst ekki á að í tilvitnuðu kynningarefni Kjötumboðsins felist villandi upplýsingar sem séu til þess fallnar að hafa áhrif á eftirspurn eftir vörum kvartanda. Upplýsingarnar eru hlutlægar og varða að því er best verður séð ekki framleiðslu kvartanda nema að því leyti að tekið er fram að fyrrverandi starfsmenn Íslensks-fransks sjái um framleiðslu þeirra. Samkeppnisráð telur þær upplýsingar ekki villandi eða með öðrum hætti ósanngjarnar í garð

kvartanda. Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða samkeppnisráðs að ekki hafi verið brotið gegn 21. gr. samkeppnislaga í máli þessu.

Loks hefur kvartandi haldið því fram að Kjötumboðið auðkenni framleiðslu sína með þeim hætti að leitt geti til þess að villst verði á henni og framleiðslu kvartanda. Þessu til stuðnings hefur kvartandi lagt fram umbúðir beggja fyrirtækja utan um paté sín. Samkeppnisráð fellst á að í einstökum tilfellum séu umbúðir þær sem notaðar eru af hálfu Kjötumboðsins ekki ólíkar þeim sem kvartandi notar. Hins vegar er á það að líta að umbúðir utan um paté eru ekki fyrirferðamiklar og ekki svigrúm til mikils fjölbreytileika við hönnun umbúða. Þar koma og fram ýmsar staðlaðar upplýsingar sem skylt er að viðhafa á matvælum, s.s. innihaldslýsingar, upplýsingar um verð, pökkundardag, síðasta söludag o.fl. Að því leyti sem umbúðunum svipar saman um þessi efni getur ekki verið um brot á 25. gr. samkeppnislaga að ræða. Þá kemur skýrlega fram á umbúðum beggja hver sé framleiðandi vörunnar. Þá hefur kvartandi haldið því fram að Kjötumboðið hafi valið framleiðslu sinni nöfn sem svipi til framleiðslu Íslensks-fransks. Sem dæmi þess megi nefna að Fjallagrasapaté Íslensks-fransks heiti Íslenskt fjallagrasapaté hjá Kjötumboðinu. Af hálfu Kjötumboðsins hefur því verið mótmælt að nafngiftir þessar brjóti gegn samkeppnislögum. Kjötumboðið bendir jafnframt á að nöfn af þessum toga fáist ekki skráð sem vörumerki þar sem þau lýsi aðeins innihaldi þeirrar vöru sem um sé að ræða.

Samkeppnisráð hefur kynnt sér þau gögn sem aðilar hafa lagt fram um þetta atriði. Samkeppnisráð fellst á með Kjötumboðinu að ekki sé ástæða til að banna því að nota nöfn á framleiðsluvörur sínar sem vísi til þess innihalds sem í vörunum er. Ef skýrt kemur fram á umbúðum vöru hver sé framleiðandi hennar og varan ber ekki nákvæmlega sama nafn og vara sem annar aðili framleiðir með fullum rétti er ekki efni til að telja að um brot á 25. gr. sé að ræða.

Með vísan til alls framanritaðs telur samkeppnisráð að ekki sé tilefni til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs vegna kvörtunar Afurðasölunnar Borgarnesi í máli þessu.

V.
Ákvörðunarorð:

„Ekki er tilefni til aðgerða af hálfu samkeppnisráðs vegna kvörtunar Afurðasölnunnar Borgarnesi í máli þessu.“